



---

# **SAMEINING KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS OG HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Skýrsla verkefnisstjórnar

---

Desember 2008

Forsíðumyndin sýnir nemendur sameinaðs Háskóla Íslands draga fána HÍ að húni við húsnæði Menntavísindasviðs að Stakkahlíð í Reykjavík 1. júlí 2008.  
Ljósmyndari: Kristinn Ingvarsson.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Vinnulag/verkferlið.....	6
3	Námsskipan. Samþætting náms og kennslu á Menntavísindasviði við önnur svið.....	9
3.1	Markmið sameiningar varðandi nám og kennslu.....	9
3.2	Undirbúningur samþættingar.....	10
3.2.1	Fyrstu skref við samhæfingu kennsluskrár .....	10
3.2.2	Verkefnishópur um skipan náms á nýju Menntavísindasviði .....	10
3.2.3	Flutningur náms frá uppeldis- og menntunarfræðiskor til Menntavísindasviðs haustið 2009. Endurskipulagðar og nýjar námsleiðir .....	11
3.2.4	Endurskipulagning M.Ed.- og M.Paed.-náms og hlutverk samstarfsfagráða .....	13
3.2.5	Flæði nemenda til og frá Menntavísindasviði.....	14
3.2.6	Sí- og endurmenntun .....	15
3.2.7	Annað .....	15
3.2.8	Fjarkennsla .....	15
3.3	Um samþættingu stefnu Menntavísindasviðs við stefnu HÍ .....	16
4	Efling rannsókna á Menntavísindasviði .....	17
4.1	Sjóðir .....	18
5	Hagsmunamál nemenda .....	22
5.1	Skipan hagsmunamála nemenda .....	22
5.2	Húsnæðismál og rekstur fyrirtækja nemenda .....	23
6	Starfsmanna- og kjaramál.....	25
6.1	Samræming réttinda starfsfólks.....	25
6.2	Flutningur starfa og breytingar á starfsumhverfi .....	27
7	Umfang og endurskipulagning stjórnýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs.....	28
7.1	Flutningur verkefna frá Menntavísindasviði til miðlægrar stjórnýslu HÍ .....	29
7.2	Framtíðarskipan stjórnýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs.....	32
8	Fjármál.....	34
8.1	Almennt .....	34
8.2	Fjármál sameiningarverkefnisins.....	35
8.3	Annar kostnaður, hugsanleg hagræðing og framtíðin.....	35
9	Viðhorfa- og kynningarmál .....	37
10	Mat á afrakstri og horft til framtíðar .....	39

# 1 Inngangur

Á undanförnum árum hafa fjölmargir kennaraháskólar verið sameinaðir stærri háskólum víða í Evrópu og í Norður-Ameríku. Dæmi um þetta er sameining Kennaraháskólans í Stokkhólmi og Stokkhólmsháskóla, sameining tveggja kennaraháskóla í Skotlandi, annars vegar við háskólann í Aberdeen og hins vegar við háskólann í Dundee og nú síðast sameining Kennaraháskólans í Kaupmannahöfn og Háskólans í Árósum. Hérlendis hefur þróun háskólastigsins verið ýkja hröð á undanförnum rúmum áratug. Skólar fluttust upp á háskólastig með sameiningu við aðra skóla, svo sem þegar Fósturskólinn, Íþróttakennaraskólinn og Þroskaþjálfaskólinn runnu inn í Kennaraháskóla Íslands árið 1998. Annað dæmi er Listaháskóli Íslands sem var stofnaður árið 1999 á grunni Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þegar háskólar á Íslandi voru orðnir um 10 að tölu hófst endurskipulagning háskólastigsins með samruna Garðyrkjuskólans við Landbúnaðarháskólann árið 2005 og samruna Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík sama ár. Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er liður í þeirri þróun háskólastigsins hér á landi að mynda færri, öflugri og samkeppnishæfari einingar. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun og er ekki ósennilegt að íslenskir háskólar muni auka samstarf sín á milli á næstu árum og jafnvel sameinast.

Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á sér nokkurn aðdraganda sem rekja má allt aftur til ársins 2001 er þáverandi rektorar skólanna, Páll Skúlason og Ólafur Proppé, hófu óformlegar viðræður um nánara samstarf. Í framhaldinu var sett á fót nefnd skipuð starfsmönnum beggja skóla til að skoða með formlegum hætti möguleika á sameiningu þeirra. Í sem skemmstu máli sagt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sýnilegur ávinningur yrði af því að sameina skólana tvo.<sup>1</sup> Í upphafi árs 2006 skipaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra nefnd til að skoða fýsileika sameiningar skólanna. Sú nefnd staðfesti niðurstöðu þeirrar fyrri og í framhaldinu lýstu háskólaráð beggja háskólanna vilja sínum til sameiningar skólanna.<sup>2</sup> Þegar þetta lá fyrir skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að vinna að undirbúningi sameiningar skólanna og skilaði hann ítarlegri tímasettri áætlun um sameiningu HÍ og KHÍ í byrjun nóvember sama ár.<sup>3</sup> Frumvarp til laga um sameiningu háskólanna varð í mars 2007 að lögum nr. 37/2007 um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem tóku gildi 1. júlí 2008.

Árið 2005 urðu rektoraskipti í HÍ og við starfi rektors tók Kristín Ingólfssdóttir. Undir hennar forystu var hrundið af stað vinnu við mótun nýrrar stefnu skólans með þátttöku fjölmargra aðila innan skólans sem utan og lauk henni með því að *Stefna Háskóla Íslands 2006-2011* var samþykkt í háskólaráði og á háskólafundi vorið 2006. Í stefnunni er m.a. kveðið á um að efla þurfi stjórnkerfi skólans og fækka og stækka stjórnunareiningar til þess að auðvelda skólanum að ná settum

---

<sup>1</sup> Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands. Aukið samstarf, verkaskipting eða sameining? Greinargerð til rektora skólanna frá Nýsi hf og starfshópi skipuðum fulltrúum skólanna, desember 2002. Sjá viðauka 1.

<sup>2</sup> Sjá skýrslu um fýsileika sameiningar í viðauka 2.

<sup>3</sup> Sjá áætlun starfshóps menntamálaráðherra í viðauka 3.

markmiðum um framúrskarandi kennslu og rannsóknir. Sérstök nefnd var skipuð til að gera tillögu um nýtt skipulag og stjórnkerfi sameinaðs háskóla og lagði hún til að Háskólanum verði skipað í nokkra skóla eða fræðasvið sem hver um sig skiptist í deildir. Rektor KHÍ tók virkan þátt í störfum nefndarinnar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar í háskólaráði og á háskólafundi í október 2007. Í framhaldi af því var hafist handa við að undirbúa innleiðingu nýs stjórnkerfis sem skipar HÍ í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í þrjár til sex deildir og átti KHÍ að mynda stofninn í einu þessara sviða sem fékk heitið Menntavísindasvið.

Af ofangreindu má ráða að fyrir lá, áður en hugmyndir um sameiningu HÍ og KHÍ höfðu verið leiddar til lykta, að breyta skyldi stjórnkerfi HÍ, styrkja það og einfalda. Stjórnkerfisbreytingarnar voru m.ö.o. ákveðnar óháð sameiningu skólanna.

## 2 Vinnulag/verkferlið

Í framhaldi af gildistöku laga um sameiningu HÍ og KHÍ var Steinunn Halldórsdóttir stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur ráðin verkefnisstjóri af rektorum háskólanna tveggja til að stýra verkefninu í lok mars 2007. Skipuðu rektorar skólanna hvor um sig tvo fulltrúa til að mynda ásamt verkefnisstjóra sérstaka verkefnisstjórn sameiningar HÍ og KHÍ.

Í verkefnisstjórn sátu, auk verkefnisstjóra sem var formaður, þau Börkur Hansen prófessor við KHÍ og Guðmundur Ragnarsson framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs KHÍ, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri HÍ og Magnús Diðrik Baldursson skrifstofustjóri rektorskrifstofu og gæðastjóri HÍ. Bryndís E. Jóhannsdóttir var ráðin upplýsingafulltrúi sameiningarverkefnisins og sá hún um ritun fundargerða verkefnisstjórnar en fundir urðu alls 70, auk þess að annast ritstjórn sérstaks upplýsingavefs sameiningar. Nánar er fjallað um vefinn og kynningarmál í kafla 9.

Forsendur sameiningarvinnunnar voru í meginatriðum eftirfarandi:<sup>4</sup>

- Náið samstarf og jafnræði yrði milli háskólanna við undirbúning sameiningar og mótun hugmynda um fyrirkomulag uppeldisvísinda í sameinuðum skóla,
- starfsmenn beggja skóla héldu sambærilegum starfskjörum,
- nemendur KHÍ gætu lokið námi samkvæmt gildandi námsskipulagi við sameiningu háskólanna

Eins og áður sagði vann starfshópur um sameiningu HÍ og KHÍ, sem skipaður var af menntamálaráðherra, tímasetta áætlun um sameiningu skólanna.<sup>5</sup> Í upphafi tók verkefnisstjórn ákvörðun um að virkja starfsfólk eftir því sem kostur væri við sameiningarferlið og skipaði því undirhópa til að vinna að einstökum verkþáttum. Jafnframt þessu var fyrirbyggjandi áætlun starfshóps um sameiningu uppfærð og endurskoðuð og gerð kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.<sup>6</sup> Verkefnisstjórn og verkefnishópum var sett erindisbréf sem afmarkaði vinnu þeirra. Kvað erindisbréf verkefnisstjórnar m.a. á um gerð lokaskýrslu um starf hennar en skýrsluna gefur á að líta hér.

Helstu verkefni og hlutverk verkefnisstjórnar skv. erindisbréfi voru eftirfarandi:

Að framfylgja lögum nr. 37/2007 um sameiningu KHÍ og HÍ.

Að annast undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni með sameiningu KHÍ og HÍ í fyrirhuguðu Menntavísindasviði og samhæfingu hans við önnur svið HÍ eins og kostur er.

<sup>4</sup> Þessar forsendur koma fram svokallaðri fýsileikaskýrslu. Í henni voru einnig sett fram markmið sameiningar. Sjá skýrsluna í heild sinni í viðauka 2.

<sup>5</sup> Sjá áætlun starfshópsins í viðauka 3.


<sup>6</sup> Sjá nánar verkáætlanir verkefnisstjórnar um sameiningu í viðauka 4. Nánar er fjallað um fjármál verkefnisins í kafla 8.

Að fela verkefnishópum og einstaklingum að annast einstaka verkþætti samkvæmt nánari skilgreiningu.

Að leitast við að hafa sem mest samráð við starfsfólk HÍ og KHÍ.

Að gera reglulegar viðhorfskannanir meðal starfsmanna HÍ og KHÍ, og leitast við að skapa sem mesta sátt um sameininguna.<sup>1</sup>

Hér fyrir neðan er dregin upp einföld mynd af sameiningarverkefninu, þ.e. stjórnskipan þess og helstu verkþáttum.



### Mynd 1. Sameining KHÍ og HÍ – helstu verkþættir.

Eins og myndin gefur til kynna heyrði verkefnisstjórn sameiningar HÍ og KHÍ undir háskólaráð skólanna og rektora þeirra. Neðst á myndinni eru sýndir 7 formlegir verkefnishópar, sem hver um sig fékk erindisbréf með skilgreindu hlutverki. Þetta eru frá vinstri til hægri: Verkefnishópur um nýjan ytri vef HÍ, verkefnishópur um upplýsingatækni, safnþjónustu og kennsluþróun, verkefnishópur um upplýsingakerfi Uglu, verkefnishópur um mótun fjarkennslustefnu í sameinuðum skóla, verkefnishópur um skipan skjalastjórnunar í sameinuðum skóla, verkefnishópur um skipan náms á nýju Menntavísindasviði og verkefnishópur um hagsmunamál nemenda. Hver hópur um sig skilaði skýrslu með tillögum, að undanskildum hópi um ytri vef sem vinnur nú að lokaskýrslu. Til

<sup>1</sup> Sjá erindisbréf verkefnisstjórnar sameiningar í viðauka 5.

hægri á myndinni eru óformlegir hópar sem unnu að afmarkaðri verkefnum. Verkefnisstjóri sat fundi þessara hópa en tók almennt ekki þátt í störfum verkefnishópanna.<sup>2</sup> Fundargerðir verkefnishópa og verkefnisstjórnar sem og útdrættir úr skýrslum verkefnishópa og viðbrögð rektora við þeim voru sett á sameiningarvefinn til upplýsingar fyrir hagsmunaaðila.

Auk þeirrar vinnu sem innt var af hendi sérstaklega á vegum verkefnisstjórnar unnu samráðsnefndir um kjaramál að gerð kjarasamnings við félag starfsmanna beggja skóla. Samningurinn var samþykktur í júní 2008 og eftir sameiningu var unnið að gerð stofnansamnings á grunni kjarasamningsins. Einnig vann jafnréttisnefnd HÍ með fulltrúa jafnréttisnefndar KHÍ að samræmdri jafnréttisáætlun sem lögð var fyrir háskólaráð í nóvember 2008. Nánar er rætt um þessi atriði í kafla 6 um starfsmanna- og kjaramál. Undirbúningshópur fyrir sameiningarhátíð skipaður starfsmönnum beggja skóla undirbjó dagskrá sameiningarhátíðar 1. júlí 2008. Rætt er um hátíðina í kafla 9.

Þegar allt er talið hafa rúmlega 80 manns hjá báðum háskólum með einum eða öðrum hætti komið að vinnu tengdri sameiningunni og er ástæða til að þakka umræddu starfsfólki kærlega fyrir vel unnin störf.

---

<sup>2</sup> Sjá yfirlit yfir hópana og starfsmenn sem tóku þátt í vinnu þeirra í viðauka 6.



## 3 Námsskipan. Samþætting náms og kennslu á Menntavísindasviði við önnur svið

Í þessum kafla verður rætt um markmið sameiningarinnar á sviði náms og kennslu og farið yfir helstu skref er stigin hafa verið undanfarna mánuði til að nálgast þau. Einnig verður rætt lítillega um samþættingu stefnu KHÍ og HÍ. Fjallað er um samþættingu rannsókna á Menntavísindasviði við önnur fræðasvið í kafla 4.

### 3.1 Markmið sameiningar varðandi nám og kennslu

Í 2. grein laga um sameiningu KHÍ og HÍ segir að nemendur sem stunda nám við KHÍ eigi rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við gildistöku laganna og miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

Í svonefndri fýsileikaskýrslu sem fylgdi með sem greinargerð með frumvarpinu segir nánar að meginmarkmið með sameiningu skólanna varðandi nemendur og námsframboð séu eftirfarandi:

- Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.
- Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi. Annað markmið sameiningar er að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.
- Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.

Í fýsileikaskýrslunni er einnig rætt um að gæta þurfi sérstaklega að námskröfum og inntaki náms við samnýtingu og samþættingu námskeiða og námsleiða. Þá er fjallað um hvaða tækifæri felast í sameiningu skólanna. Þar eru nefnd eftirfarandi atriði:

- Fjölbreytni í námi og rannsóknum, aukinn sveigjanleiki.
- Samfella í kennaramenntun á öllum skólastigum.
- Efling framhaldsnáms á meistara- og doktorsstigi.

- Til verður öflugur háskóli sem hefur á að skipa hæfustu kennurum og fræðimönnum á sviði uppeldis og menntunarfræða.
- Bættir kennsluhættir og efling símenntunar.
- Sterkari staða á alþjóðavettvangi.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fyrstu skrefum til að nálgast umrædd markmið. Þess má geta til glöggvunar að í töflu í viðauka 7 gefur að líta helstu kennitölur í starfsemi HÍ annars vegar og KHÍ og Menntavísindasviðs hins vegar árin 2007 og 2008.

## 3.2 Undirbúningur samþættingar

Vert er að geta þess að þegar lagt var af stað með verkefnið og tímarammi þess afmarkaður var gert ráð fyrir því að mögulegt yrði að ráða nýja stjórnendur í samræmi við fyrrnefndar stjórnkerfisbreytingar, þ.e. forseta hinna nýju fræðasviða. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að þeir tækju til starfa í byrjun mars 2008. Í ljós kom að ekki var hægt að auglýsa forsetastörfin nema að undangenginni lagabreytingu en þágildandi lög um HÍ gerðu ráð fyrir að deildir væru grunneiningar skólans en ekki fræðasvið. Þurfti því að bíða þess að frumvarp um opinbera háskóla yrði að lögum nr. 85/2008 sem varð í lok maí 2008. Forsetar hinna nýju fræðasviða voru síðan ráðnir til starfa í kjölfarið og hóf Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti Menntavísindasviðs, störf 22. september 2008. Deildarforsetar á Menntavísindasviði voru skipaðir til starfa af háskólaráði KHÍ í júní 2008 en skipting í deildir eins og tíðkast hefur í HÍ er nýmæli í starfsemi Menntavísindasviðs arftaka KHÍ.

Samhliða vinnu við sameiningu KHÍ og HÍ var unnið að því undir forystu rektors HÍ að útfæra stjórnkerfisbreytingarnar á skólanum sem tóku gildi sama dag og sameining skólanna. Þessi vinna setti mark sitt á sameiningarvinnuna því ákveðnar forsendur urðu ekki ljósar fyrr en leið á ferlið. Rætt er um stjórnkerfisbreytinguna í kafla 7.

### 3.2.1 Fyrstu skref við samhæfingu kennsluskrár

Rétt er að geta þess að fyrir nokkrum árum hófst samstarf KHÍ og HÍ um hönnun og þróun vefumhverfisins UGLU en í upphafi tók það einkum til upplýsingagjafar til nemenda úr nemendaskrá. Frá 2002 var kennsluskrá KHÍ sett fram með svipuðum hætti í UGLU og kennsluskrá HÍ. Gagnagrunnar nemendaskrár skólanna voru sameinaðar á árinu 2008. Þetta samstarf um UGLU varð til þess að unnt var að gefa út sameiginlega rafræna kennsluskrá tæpu hálfu ári fyrir sameiningu háskólanna, þ.e. í febrúar 2008. Nú er unnið að gerð kennsluskrár sameinaðs háskóla þar sem byggt er á því grunnskipulagi sem mótað var skömmu fyrir sameiningu.

### 3.2.2 Verkefnishópur um skipan náms á nýju Menntavísindasviði

Sérstakur verkefnishópur um skipan náms á nýju Menntavísindasviði fékk það hlutverk að setja fram tillögur um samþættingu kennslu og rannsókna í sameinuðum háskóla. Nánar tiltekið var hópnum ætlað að gera tillögur um skipulag þroskaþjálfunar og kennaramenntunar fyrir hvert

skólastig og fjalla um notkun svonefndra samþættingar- og raðlíkana í kennaramenntun. Hópnun var einnig ætlað að skilgreina tengsl uppeldis- og menntunarfræði í þáverandi félagsvísindadeild HÍ við hið nýja Menntavísindasvið. Loks átti hópurinn að fjalla um stjórn kennaramenntunar og tengsl hennar við faggreinar á öðrum sviðum hins sameinaða háskóla.<sup>9</sup>

Hópurinn starfaði frá júní 2007 til janúar 2008. Í skýrslu hópsins voru lagðar fram 25 tillögur er vörðuðu forræði Menntavísindasviðs yfir uppeldis- og menntunarfræðum og allri kennaramenntun í hinum sameinaða háskóla, þ.m.t. flutning uppeldis- og menntunarfræðiskorar félagsvísindadeildar til Menntavísindasviðs, hugsanlegar fjárhagslegar og skipulagslegar hindranir fyrir faglegru samþættingu Menntavísindasviðs og annarra fræðasviða hins sameinaða skóla, stofnun samstarfsfagráða Menntavísindasviðs og kennslugreina grunn- og framhaldsskólans sem kenndar eru á öðrum fræðasviðum og að síðustu málefni sí- og endurmenntunar. Þá var hópnun ætlað að koma með tillögur að matskerfi rannsókna fyrir menntavísindi. Verkefnisstjórn og rektorar skólanna fóru yfir tillögur nefndarinnar og afgreiddu þær með sérstakri greinargerð þar sem fjallað var um hverja tillögu fyrir sig og hún samþykkt eftir atvikum með eða án athugasemda.<sup>10</sup>

Í skýrslu verkefnishópsins er lagður grunnur að samþættingu náms á Menntavísindasviði við önnur fræðasvið og skipulagseiningar í sameinuðum HÍ. Gert er ráð fyrir því að forseti Menntavísindasviðs taki mið af tillögunum og viðbrögðum rektoranna við þeim. Það liggur í eðli máls að vinna við mörg þeirra verkefna sem nefnd eru hér að framan er bæði tímafrek og flókin. Fastmótaðar tillögur um námsskipan, samþættingu og leiðir munu því ekki liggja fyrir fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

### **3.2.3 Flutningur náms frá uppeldis- og menntunarfræðiskor til**

#### **Menntavísindasviðs haustið 2009. Endurskipulagðar og nýjar námsleiðir**

Í félagsvísindadeild var starfrækt uppeldisfræðiskor en innan hennar var rekið nám í fötlunarfræði, kennslufræði og uppeldis- og menntunarfræði, á bakkalár-, meistara- og doktorsstigi. Ákveðið var að þetta nám, að undanskildu námi í fötlunarfræði, yrði flutt til Menntavísindasviðs við upphaf háskólaársins 2009-2010, þ.e. í júlí 2009. Þegar þessi skýrsla er rituð í desember 2008 er stefnt að því að fjárhagsleg skil verði um komandi áramót. Nám til kennsluréttinda og nám í uppeldis- og menntunarfræði verður samþætt námi á Menntavísindasviði og felld inn í námsframboð Uppeldis- og menntunarfræðideildar, með svipuðum faglegum áherslum og verið höfðu.

Í skýrslu verkefnishóps um skipan náms á nýju Menntavísindasviði var lagt til að sviðinu verði falin ábyrgð og stjórnun kennslu og rannsókna á sviði uppeldis- og menntavísinda og að þar verði boðið upp á bakkalár-, meistara- og doktorsnám. Kennaranám við fræðasviðið verði skipulagt samkvæmt tveimur meginlíkönum, samþættu líkani (þar sem nám í uppeldis- og kennslufræði og nám í kennslugreinum er samþætt) og raðnámslíkani (þar sem nemendur ljúka fyrst tiltekinni námsgrein og í framhaldi af því kennsluréttindanámi). Einnig var lagt til að stofnuð verði með öðrum fræðasviðum samstarfsfagråd um helstu námsgreinar grunn- og framhaldsskóla sem kenndar eru við sameinaðan háskóla.

<sup>9</sup> Sjá erindisbréf verkefnishópsins í viðauka 8.

<sup>10</sup> Sjá samantekt um skýrsluna og viðbrögð rektora og verkefnisstjórnar við henni í viðauka 9.

Frá hausti 2008 er námi á Menntavísindasviði skipað í þrjár deildir: Kennaradeild ( deildarforseti Anna Kristín Sigurðardóttir), Uppeldis- og menntunarfræðideild (deildarforseti Hanna Ragnarsdóttir) og Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild (deildarforseti Erlingur Jóhannsson). Sjá töflu hér fyrir neðan um skipan náms á Menntavísindasviði. Tillögur um endurskipulagðar og nýjar námsleiðir í boði haustið 2009 eru skyggðar.

Deildir	Kennaradeild	Íþróttá- tómsunda- og þroskaþjálfadeild	Uppeldis- og menntunarfræðideild
<b>Námsbrautir</b> (feitlettraðar) <b>og námsleiðir</b> (merktar með punkti fyrir framan)	<b>Leikskólakennarafræði B.Ed.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Viðbótarnám til B.Ed. gráðu</li> <li>Leikskólakennarafræði staðnám</li> <li>Leikskólakennarafræði fjárnám</li> </ul>	<b>Íþróttá- og heilsubraut</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Íþróttá- og heilsufræði BS.</li> <li>Íþróttá- og heilsufræði B.Ed</li> <li>Íþróttá- og heilsufræði viðbótarnám, BS.</li> <li>Íþróttá- og heilsufræði MS.</li> <li>Íþróttá- og heilsufræði M.Ed.</li> </ul>	<b>Menntunarfræði BA</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Uppeldis- og menntunarfræði</li> <li>International Studies in Education</li> </ul> <b>Menntunarfræði M.Ed. og MA</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölmening</li> <li>Fræðslustarf með fullorðnum/mannauðspróun</li> <li>Heimspæki og félagsfræði menntunar</li> <li>Lífsleikni og jafnrétti</li> <li>Sérskipulagt MA nám</li> <li>International Studies in Education</li> </ul>
	<b>Grunnskólakennarafræði B.Ed</b> (kjörsvið: Almenn kennsla í grunnskóla, Erlend mál, Hönnun og smíði, Íslenska, Íslenskt táknmál, Kennsla yngri barna í grunnskóla, Matur- menning –heilsa, Myndmennt, Náttúrufræði, Samfélagsfræði, Stærðfræði, Textílmennt, Tónlist, leiklist, dans, Upplýsingatækni –og miðlun. ) <ul style="list-style-type: none"> <li>Viðbótarnám til B.Ed. gráðu.</li> <li>Grunnskólakennarafræði, staðnám.</li> <li>Grunnskólakennarafræði, fjárnám.</li> </ul>	<b>Þroskaþjálfabraut</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þroskaþjálfarafræði BA</li> <li>Þroskaþjálfarafræði M.Ed.</li> </ul>	<b>Menntastjórnun og matsfræði M.Ed. /MA</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnunarfræði menntastofnana</li> <li>Matsfræði</li> <li>Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun</li> </ul>
	<b>Náms- og kennslufræði M.Ed. og MA</b> (sérsvið: Íslenska og íslenskukennsla, Kennslufræði og skólastarf, Listmenntun-listasaga-verkmenntun, Mál og læsi, Menntunar- og kennslufræði yngri barna, Náttúrufræðimenntun, Stærðfræðimenntun, Upplýsingatækni – og miðlun og sérskipulagt M.Ed. nám)	<b>Tómsundabraut</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tómsunda- og félagsmálafræði B.A.</li> <li>Tómsunda- og félagsmálafræði, viðbótarnám B.A.</li> <li>Tómsunda- og félagsmálafræði M.Ed.</li> </ul>	<b>Sérkennslufræði M.Ed. og MA</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sérkennslufræði</li> </ul>
	<b>Kennsluréttindanám</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kennslufræði, diplóma til kennsluréttinda á bakkalárstigi (60 e)</li> <li>Kennslufræði, diplóma til kennsluréttinda á meistarárstigi (60 e)</li> </ul>		<b>Uppeldis- og menntasálfræði MA</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhættuhegður, forvarnir og lífssýn</li> <li>Þroski, mál og læsi</li> <li>Sérskipulagt MA nám</li> </ul>
<b>Doktorsnám (Ph.D. og Ed.D.) er í boði í öllum deildum sviðsins.</b>			

**Tafla 1. Skipan náms á Menntavísindasviði HÍ haustið 2009**

Kennslufræði til kennsluréttinda var kennd á meistarastigi í báðum skólunum fyrir sameiningu. Haustið 2008 var kennslan skipulögð með óbreyttu fyrirkomulagi en frá og með hausti 2009 verður námið samræmt nám með nýju fyrirkomulagi undir stjórn Menntavísindasviðs. Áfram verður boðið upp á 60 ECTS-eininga diplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda fyrir nemendur sem hafa lokið fyrstu háskólagráðu. Unnið er að útfærslu á meistaranámi fyrir þennan hóp nemenda í samræmi við ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn og framhaldsskólum nr. 87/2008. Kveðið er á um það í umræddum lögum að nemendur sem fá kennsluréttindi eftir 1. júlí 2011 þurfi að hafa lokið meistaragráðu (120 ECTS-eininga námi að undangengnu 180 eininga grunnnámi).

Uppeldis og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs er sú deild sem mun taka við meginhluta þess náms sem kennt hefur verið í uppeldis- og menntunarfræðiskor við fyrrverandi félagsvísinda-deild. Eins og áður sagði mun umrætt nám heyra formlega undir Menntavísindasvið frá og með 1. júlí 2009. Unnið hefur verið að samþættingu þessara eininga fyrir skipan náms haustið 2009 og er nú gert ráð fyrir því að tvö námskeið verði felld niður en fjögur ný stofnuð, sjá töflu hér að ofan en þar eru endurskipulagðar og nýjar námsleiðir skyggðar.

Í Íþróttá- tómsstunda og þroskaþjálfadeild er boðið upp á nám í tómsstundafræði sem var til staðar í báðum háskólum fyrir sameiningu. Í KHÍ var sérstök námsbraut í tómsstunda- og félagsmálafræðum og boðið var upp á nám til BA og meistaragráðu. Í HÍ var boðið upp á tómsstundafræði til diplomagráðu og sem aukagrein. Ákveðið hefur verið að frá og með hausti 2009 verði nám í tómsstundafræði á forsjá Menntavísindasviðs og jafnframt verða tvö skyldunámskeið sem kennd voru í tómsstundafræði á Félagsvísindasviði lögð niður. Nemendur sem skráðir eru í nám á Félagsvísindasviði eiga þess þó kost að taka tómsstundafræði áfram sem 60 eininga aukagrein með öðru bakkalárnámi sínu. Þau námskeið sem verða í boði fyrir nemendur verða sambland af námskeiðum af Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði.

Doktorsnám verður hér eftir sem áður í boði við Menntavísindasvið en þrjár fyrstu doktorarnir voru brautskráðir frá skólanum í júní 2008, rétt fyrir sameiningu HÍ og KHÍ.

Eins og fram hefur komið munu nokkur námskeið falla niður vegna samruna Uppeldis- og menntunarfræðiskorar við Menntavísindasvið 1. júlí 2008. Þess ber þó að geta að tryggja þarf nemendum í uppeldis- og menntunarfræði á Félagsvísindasviði samfellu í námi sínu, þ.e. þeir þurfa að geta lokið því námi sem þeir hófu. Því er ekki unnt að fækka mjög námskeiðum til að byrja með en viðbúið er að fækkun komi fram síðar.

### **3.2.4 Endurskipulagning M.Ed.- og M.Paed.-náms og hlutverk samstarfsfagráða**

Við HÍ hefur verið boðið upp á 90-ECTS eininga meistaranám sem lýkur með gráðunni M.Paed. og er ætlað nemendum sem hafa lokið grunnnámi í kennslugrein grunn- eða framhaldsskóla og vilja bæta við sig námi í greininni og uppeldis- og kennslufræðum. Núverandi M.Paed nám er nú í endurskoðun með tilliti til laga um starfsréttindi kennara og skólastjórnenda frá 2008 og er unnið að því í samstarfi kennara og stjórnenda Menntavísindasviðs og annarra sviða Háskóla Íslands, nú

fyrst á Hugvísindasviði, en þar hefur námið verið umfangsmest. Einnig er unnið að endurskoðun M.Ed náms.

Í samræmi við tillögur verkefnishópsins sem ræddar voru hér að framan hefur samstarfsfagráð verið starfandi í íslensku að undanfögnu. Ekki liggja enn fyrir hugmyndir um samstarf nema í einstökum námskeiðum, því fyrsta á vormisseri 2009. Enn er óljóst hvort settar verða fram hugmyndir um sameiginleg verkefni í kennsluskra 2009-2010.

Ekki hafa verið stofnuð önnur fagráð þegar þessi skýrsla er skrifuð. Þess bera að geta að forsetar fræðasviða hafa nýlega tekið til starfa. Horft er til fagráðs í íslensku sem fyrirmynd um samstarf en starfsemi þess er í mótun. Þá eru kennarar á öðrum sviðum að þreifa sig áfram um samstarfsgrundvöll. Þær þreifingar eru vel á veg komnar í erlendum tungumálum en mun skemmra í náttúrufræðigreinum og í samfélagsgreinunum. Mestu skiptir að koma á samstarfi þar sem tengslin eru skýr og styrkur beggja eininga nýttur kennaramenntun til framþróunar. Þessi fordæmi geta orðið fyrirmynd að samstarfi í öðrum greinum.

Forseti Menntavísindasviðs hefur rætt við svonefnd fagráð á Menntavísindasviði<sup>11</sup> og í öllum tilvikum hefur samstarf við önnur svið HÍ (eða Listaháskóla Íslands) verið sérstakur dagskrárliður. Fram hefur komið að ólíkar aðstæður þeirra greinasviða sem fagráðin taka til útiloka að einfalt fyrirkomulag gildi um samstarf við aðrar greinar og það verði að finna málinu sérstakan farveg í hverju tilviki. Í fagráði í náttúrufræði eru t.a.m. fulltrúar líffræði, eðlisfræði, efnafræði, landafræði og jarðfræði. Forseti vinnur nú að því með fagráðum sviðsins.

### **3.2.5 Flæði nemenda til og frá Menntavísindasviði**

Eins og fram kom í kafla 3.1 hér að framan er það eitt af meginmarkmiðum sameiningar háskólanna að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi. Annað meginmarkmið er að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn-, og framhaldsskólum sem og annarra uppeldisstétta.

Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því að nemendur muni í auknum mæli geta tekið námskeið á ólíkum fræðasviðum. Þótt ekki liggi fyrir tölulegar upplýsingar um flæði nemenda á milli fræðasviða sjást þess merki strax nú á haustmisseri 2008 að nemendur af öðrum fræðasviðum og deildum HÍ sækja í vaxandi mæli námskeið á Menntavísindasviði. Þess er að vænta að með nánari þróun samstarfsfagráða, sem rædd voru hér að framan í kafla 3.2.4, verði nemendum á öðrum sviðum skólans auðveldað að tengja nám sitt kennaranámi. Þá liggja ekki fyrir tölur um fjölda nemenda af Menntavísindasviði sem sækja námskeið af öðrum fræðasviðum.

---

<sup>11</sup> Svokölluð fagráð voru starfandi í KHÍ og starfa enn á Menntavísindasviði. Þau eru 17 talsins. Á vettvangi þeirra eru rædd málefni einstakra kennslugreinar grunnskólans sem og námsframboð, tillögur um umbætur á kennslu, símenntun og efling rannsókna.

Vegna aukins flæðis nemenda milli sviða er mikilvægt að samræma reglur um inntöku milli sviðanna. Á vegum kennslusviðs HÍ er nú unnið að endurskoðun á öllum reglum HÍ í kjölfar nýrra laga um opinbera háskóla, nýs skipulags og stjórnkerfis, og sameiningar KHÍ og HÍ 1. júlí sl.. Gert er ráð fyrir að reglur um inntöku nemenda verði afgreiddar fyrir lok vormisseris 2009.

Þess má geta að dreifing fjár til kennslu hjá HÍ hefur verið með þeim hætti að fjárveitingum er skipt á milli deilda samkvæmt sérstöku deililíkani sem miðar við þreyttar námseiningar. Það er því hagsmunamál deilda að fá úthlutað og skila sem flestum þreyttum einingum. Þá hvetur kerfið til þess að hafa sem flest námskeið í heimadeild. Það er aftur á móti augljóst hagræði í hinum sameinaða skóla að samstarf milli fræðasviða um námskeið verði aukið. Árið 2008 var tekið upp það fyrirkomulag að heimadeild stúdents fær 10% af greiðslu fyrir námskeið sem hann tekur á öðru fræðasviði eða í annarri deild. Í fjárhagsáætlun HÍ fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að heimadeildin fái nú 20% af greiðslunni fyrir námskeiðið. Gert er ráð fyrir því að þetta fyrirkomulag muni hvetja til samstarfs og auka hagræði í skólastarfinu.

Ástæða er til að mæla flæði nemenda milli sviða á næstu árum til að fylgjast með því hvort markmið um aukin tækifæri fyrir nemendur muni ná fram að ganga.

### **3.2.6 Sí- og endurmenntun**

Í áður nefndum verkefnishópi um skipan náms á Menntavísindasviði var lagt til að fræðasviðinu yrði falin ábyrgð og framkvæmd á sí- og endurmenntunarmálum kennara og annarra uppeldisstétta. Einnig að endurmenntunarkerfi HÍ í heild yrði endurskoðað og tryggt að endur- og símenntun kennara yrði ekki aðskilin eftir skólastigum. Ætlunin er að endurskoða þennan málaflokk á árinu 2009.

### **3.2.7 Annað**

Í skýrslu verkefnishópsins var bent á ýmis tæknileg og skipulagsleg vandamál í skipulagi náms sem nauðsynlegt væri að leysa vegna sameiningar skólanna. Verkefnishópurinn lagði einnig til drög að endurskoðaðri stefnu um menntarannsóknir. Hópurinn gerði ekki tillögu um viðmið og mælikvarða um ágæti í störfum og rannsóknum á Menntavísindasviði eða um stigamat en lagði til að myndaður yrði sérstakur vinnuhópur til að sinna því verkefni. Rætt er um stigamat í kafla 6.

### **3.2.8 Fjarkennsla**

Á sama tíma og sameiningarverkefnið var að fara af stað lágu fyrir tillögur nefndar háskólaráðs HÍ um stefnu í fjarkennslu og upplýsingatækni fyrir skólann. Háskólaráð ákvað að beina tillögum hópsins til sameiningarverkefnisins enda hyggilegt að taka mið af væntanlegri sameiningu skólanna þar sem helmingur stúdenta við KHÍ væri fjarnemar og reynsla skólans af fjarkennslu mikil, auk þess sem sameina ætti upplýsingakerfi skólanna. Í framhaldinu var settur á fót verkefnishópur um mótun stefnu í fjarkennslumálum skipaður starfsmönnum beggja skóla. Hópurinn lagði fram tillögur sínar í nóvember 2007. Verkefnisstjórn og rektorar fjölluðu um tillögurnar og voru þær sendar

kennslumálanefnd háskólaráðs HÍ til umsagnar. Ákveðið hefur verið að bíða með útfærslu þeirra og er þess að vænta að tillögurnar fái nánari umfjöllun á vettvangi hvers fræðasviðs um sig á næstu misserum.

### 3.3 Um samþættingu stefnu Menntavísindasviðs við stefnu HÍ

Sameining HÍ og KHÍ hafði legið fyrir um nokkra hríð fyrir setningu laga þar um, en um langt árabíl hefur stefnumörkun þessara tveggja stofnana verið áþekkt, eins og sjá má af stefnu KHÍ 2005 - 2010.<sup>12</sup> Allt frá því að fyrstu hugmyndir um hugsanlega sameiningu voru ræddar hefur verið lagt kapp á að tryggja samræmi milli þessara tveggja stofnana. Skýrasta dæmið um þetta er metnaðarfull rannsóknarstefna fyrir Menntavísindasvið HÍ fyrir tímabilið 2008-2013 sem samþykkt var í júní 2008 af háskólaráði KHÍ og er í fullu samræmi við stefnu HÍ 2006-2011. Í stefnu KHÍ og stefnu Menntavísindasviðs um rannsóknir birtast mörg af megin markmiðum HÍ, m.a. um eflingu rannsókna, alþjóðlegt samstarf, fjölgun doktorsnemenda og aukna sókn í styrki í erlenda og innlenda samkeppnissjóði.

Í heild má segja að undirbúningsvinna við samþættingu náms á Menntavísindasviði við önnur svið og deildir skólans sé komin af stað, mislangt þó eftir greinum. Verkefnisstjórn lítur svo á að búið hafi verið til umhverfi til að ná þeim markmiðum sem fjallað var um fremst í kaflanum, á næstu misserum undir stjórn forseta Menntavísindasviðs, rektors og í nokkrum tilvikum, annarra stjórnenda skólans. Ástæða er til að ítreka það að tíminn til að útfæra þessi atriði undir stjórn nýs forseta hefur verið afar stuttur og því ekki efni til að segja meira um útfærsluna í þessari skýrslu sem bindur endahnútinn á sameiningarverkefnið nú í lok árs 2008.

---

<sup>12</sup> Sjá stefnur skólanna beggja í viðauka 10.



## 4 Efling rannsókna á Menntavísindasviði

Í kafla 3 var rætt um námsskipan og samþættingu náms á Menntavísindasviði við önnur svið skólans. Í þessum kafla er sjónum beint að rannsóknabættinum og gerð grein fyrir fyrstu skrefum sem tekin hafa verið í átt að eflingu rannsókna á Menntavísindasviði, en þar eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagi til hagsbóta.

Eins og kunnugt er var eitt meginmarkmið með sameiningu KHÍ og HÍ að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla. Í aðdraganda sameiningar vann vísindaráð KHÍ að endurskoðun rannsóknarstefnu skólans fyrir tímabilið 2004-2009. Endurskoðunin fólst m.a. í því að ný stefna Menntavísindasviðs, arftaka KHÍ, var löguð að *Stefnu HÍ 2006-2011*. Ný stefna Menntavísindasviðs í rannsóknum 2008-2013 var samþykkt á fundi háskólaráðs KHÍ 24. júní 2008. Henni fylgir aðgerðaáætlun sem fylgt verður eftir með starfi rannsóknarnefndar sem kemur í stað vísindaráðs.

Rannsóknarnefnd hefur með höndum þróun rannsókna á sviðinu og tengsl við rannsóknartengt framhaldsnám. Í nefndinni sitja deildaforsetar, umsjónarmaður með doktorsnámi á sviðinu og framkvæmdastjóri nefndarinnar. Auk þess falla ýmis málefni tengd rannsóknum, svo sem rannsóknarsjóðir og mat á rannsóknarstarfsemi, undir rekstrarstjóra sviðsins. Þjónusturannsóknir falla undir *Símenntun - rannsóknir - ráðgjöf*<sup>13</sup> og síðan hafa rannsóknarstofur umsjón með fjölmörgum rannsóknum á sínu sviði.

Við HÍ er starfrækt öflugt rannsóknarsjóðakerfi og eru grunnstöðir þess samkeppnissjóðir. Heildarupphæð í rannsóknarsjóðum HÍ var um 660 m. kr. árið 2007. Nái samkomulag HÍ við Menntamálaráðuneytið frá 2006 fram að ganga í núverandi efnahagslægð er gert ráð fyrir áframhaldandi eflingu sjóðanna. Slík staða mun breyta verulega rannsóknarumhverfi akademískra starfsmanna nýs Menntavísindasviðs.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um sameiningu skólanna er nefnt að samræma þurfi réttindi og skyldur starfsfólks í nýjum sameinuðum háskóla, s.s. aðgang að sjóðum, rannsóknamisseri, ráðningu og framgang, matskerfi vegna rannsókna og kennslu, vinnumat vegna stjórnunar o.fl. Um samræmingu kjaratengdra þátta er fjallað í kafla 6 hér á eftir.

Í HÍ eru öflugir rannsóknarsjóðir eins og áður sagði en í KHÍ voru rannsóknarsjóðir ekki eins sterkir. Í aðdraganda sameiningar var sjóðakerfi skólanna kortlagt og borið saman, sbr. skýrsluna

---

<sup>13</sup> Símenntun – rannsóknir –ráðgjöf eins og nafnið gefur til kynna miðstöð sem veitir þjónustu á fræðasviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. Hún þróar m.a. námskeið, fræðslufundi og fyrirlestra fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og miðlar þekkingu innan HÍ sem og milli skólans og annara aðila.

*Starfskjör, skipan sjóða og rannsóknarvirkni starfsmanna HÍ og KHÍ.*<sup>14</sup> Hér á eftir er yfirlit um rannsóknarsjóði HÍ og tengda sjóði ásamt upplýsingum um sambærilega sjóði í KHÍ. Gengið er út frá þeirri meginreglu að akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs geti sótt um styrki úr sjóðum HÍ frá og með árinu 2009, enda hafa Menntavísindasvið og HÍ sameinast fjárhagslega frá og með því almanaksári. Við umrædda fjárhagslega sameiningu verða neðangreindir sjóðir að jafnaði eflir um fjórðung með framlagi frá Menntavísindasviði.

Í áður nefndri skýrslu um starfskjör, skipan sjóða og rannsóknarvirkni starfsmanna HÍ og KHÍ var dregin upp mynd af rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna skólanna. Þar kemur fram að árið 2006 var meðalvirkni akademískra starfsmanna KHÍ 16,5 rannsóknarstig en sama ár var sambærileg virkni við HÍ 27,0 stig. Nokkur munur var innbyrðis milli deilda HÍ hvað rannsóknarvirkni varðaði. Mikilvægt er að fylgjast með breytingum á rannsóknarvirkni starfsmanna Menntavísindasviðs á næstu árum, en full ástæða er til að búast við því að markmið um eflingu hennar muni ganga eftir.

## 4.1 Sjóðir

Við HÍ og KHÍ voru starfræktir fjölmargir styrktarsjóðir í því skyni að efla akademíska starfsemi og gera skólunum betur kleift að ná markmiðum sínum. Flestir þessara sjóða voru samkeppnissjóðir sem byggja á árangri og gæðum. Hér á eftir fer stutt yfirlit um mikilvægustu sjóðina í hvorum skóla fyrir sig og fyrirkomulag þeirra eftir sameiningu. Almennt er reglan sú að sjóðir sem starfræktir voru í KHÍ verða sameinaðir samskonar sjóðum í HÍ frá og með 1. janúar 2009.

### **Sáttmálasjóður HÍ**

Sjóðurinn var stofnaður árið 1919 og tilgangur hans er að styrkja íslenska vísindastarfsemi. Hann veitir ferðastyrki til akademískra starfsmanna með a.m.k. 40% rannsóknarskyldu að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Hægt er að sækja um styrki annað hvert ár og eigi til lengri ferða en 14 daga og fargjald að tilteknu hámarki, enda sé skilyrðum um vísindalegt markmið fararinnar fullnægt. Auk þess veitir Sáttmálasjóður ferðastyrki öðru starfsfólki Háskólans og háskólastofnana sem hefur háskólapróf og gert hefur starfssamning við starfsmannasvið skólans. Styrkupphæð er lægri en hjá akademískum starfsmönnum og hægt er að sækja um styrk annað hvert ár en ekki eru veittir dagpeningar. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við skólann. Háskólaráð hefur yfirumsjón með sjóðnum. Í KHÍ var sambærilegur sjóður, Ferðasjóður KHÍ, ákveðinn sem tiltekin af fjárhæð í fjárhagsáætlun skólans ár hvert og miðað við að kennarar gætu fengið ferðastyrki að fjárhæð kr. 150.000 annað hvert ár og að aðrir starfsmenn gætu á sama hátt fengið ferðastyrk að fjárhæð kr. 100.000. Eftir sameiningu verður Ferðasjóður

---

<sup>14</sup> Sjá skýrsluna: Starfskjör, skipan sjóða og rannsóknarvirkni starfsmanna HÍ og KHÍ. Samanburður og greining í aðdraganda sameiningar skólanna í viðauka 11. Skýrslan var unnin af starfshópi á vegum verkefnisstjórnar um sameiningu KHÍ og HÍ. Sjá nánar um samsetningu hópsins í viðauka 6.

KHÍ lagður niður og starfsmenn Menntavísindasviðs öðlast sama rétt og aðrir starfsmenn HÍ til ferðastyrkja úr Sáttmálasjóði. Sú tilhögun tekur gildi 1. janúar 2009.

### **Rannsóknamisseri**

Til að efla rannsóknir akademískra starfsmanna HÍ er þeim heimilt að sækja um undanþágu frá kennslu- og stjórnunarskyldu í 1-2 misseri uppfylli þeir tiltekin skilyrði. Nokkuð þrengri reglur giltu hjá KHÍ en hjá HÍ um heimild háskólakennara til rannsóknarmissera. Svipaðar reglur giltu í báðum skólum um greiðslu ferðakostnaðar í rannsóknarmisserum, með þeirri undantekningu að kennarar KHÍ sem fengu eitt misseri gátu fengið allt að 45 daga á fullum dagpeningum vegna dvalar erlendis í stað allt að 60 daga hjá HÍ. Sjóðirnir verða sameinaðir 1. janúar 2009 og kennarar á Menntavísindasviði fá rannsóknarmisseri eftir sömu reglum og aðrir kennarar HÍ.

### **Vinnumatssjóður HÍ**

Sjóðurinn hefur það markmið að efla rannsóknir við skólann. Hann er ætlaður akademískum starfsmönnum með rannsóknarskyldu. Í HÍ fær sjóðurinn markað fé, 12,5% af grunnlaunum akademískra starfsmanna við skólann. Vinnumatssjóður KHÍ var ákveðinn sem tiltekin fjárhæð í fjárhagsáætlun skólans ár hvert. A-hluti matsreglna kjaranefndar liggur til grundvallar greiðslna í sjóðina. KHÍ hefur bætt við flokkum í matsreglurnar og greiðir fyrir fleiri þætti en HÍ. Greitt verður fyrir vinnumat til starfsmanna Menntavísindasviðs af miðlægum kostnaði frá 1. janúar 2009 og jafnframt verður vinnumatssjóður KHÍ lagður niður. Nánar er rætt um úthlutun úr vinnumatssjóði til starfsmanna Menntavísindasviðs í kafla 6.

### **Kennslumálasjóður**

Sjóðurinn veitir styrki til að stuðla að nýmælum í kennsluháttum og endurbótum á kennslu við háskólann, þ.m.t að stuðla að þróun á kennslu, kennslumati og gæðum kennslu almennt. Sambærilegur sjóður, Kennsluþróunarsjóður var til staðar í KHÍ. Sjóðirnir verða sameinaðir frá og með 1. janúar 2009 undir nafni kennslumálasjóðs og jafnframt öðlast starfsmenn Menntavísindasviðs heimild til að sækja um styrki í sjóðinn.

### **Rannsóknarsjóður HÍ**

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir í skólanum. Kennarar og sérfræðingar við HÍ og stofnanir hans, sem hafa rannsóknir að aðalstarfi og hafa verið ráðnir á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins. Að auki geta nýdóttar, er uppfylla skilyrði sjóðsins, sótt um sérstaka nýdóttarstyrki sem stjórn sjóðsins er heimilt að auglýsa. Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra, enn fremur skal höfð hliðsjón af rannsóknavirkni umsækjenda. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda. Svonefndur Rannsóknarsjóður er stærsti rannsóknarsjóður HÍ og veitir styrki á bilinu 100 þ. kr til 2 m. kr. Rannsóknarsjóður KHÍ er sambærilegur sjóður og giltu um hann svipaðar

reglur og um Rannsóknarsjóð HÍ. Um leið og sjóðirnir verða sameinaðir 1. janúar 2009 öðlast starfsmenn Menntavísindasviðs rétt til að sækja um styrki til sjóðsins.

### **Vinnumatssjóður nýdoktora**

Þessi sjóður er ætlaður starfsfólki sem hlotið hefur svokallaðan nýdoktorastyrk en hefur ekki rétt til að sækja um í vinnumatssjóð. Að öðru leyti gilda sömu úthlutarreglur um hann og Vinnumatssjóð. Sambærilegt fyrirkomulag var ekki í KHÍ, en mun gilda um nýdoktora á Menntavísindasviði frá 1. janúar 2009.

### **Aðstoðarmannasjóður**

Tilgangur sjóðsins er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og /eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Slíkt fyrirkomulag var ekki við lýði í KHÍ en mun gilda um starfsmenn Menntavísindasviðs frá og með 1. janúar 2009.

### **Doktorsstyrkir Eimskipafélagsins og Rannsóknarsjóðs**

Doktorsnemar og að uppfylltum vissum skilyrðum einnig meistaranemar eða akademískir starfsmenn sem ekki eru komnir með doktorsnema til starfa við rannsókn, geta sótt um styrk úr þessum sjóðum en tilgangur þeirra er að efla rannsóknir við skólann. Ekki var um að ræða samskonar sjóð hjá KHÍ. Nemendur og starfsmenn Menntavísindasviðs geta sótt um styrki úr sjóðnum frá 1. janúar 2009.

### **Ferðastyrkir Rannsóknarsjóðs**

Tilgangur með styrkveitingunni er að auðvelda nemum að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum erlendis. Meistara- og doktorsnemar geta sótt um styrki. Ekki var um sambærilegt fyrirkomulag að ræða hjá KHÍ. Meistara- og doktorsnemar á Menntavísindasviði geta sótt um í sjóðinn frá og með 1. janúar 2009.

### **Nýdoktorastyrkir Rannsóknarsjóðs**

Vísindanefnd háskólaráðs HÍ veitir styrki sem ætlaðir eru nýdoktorum í starfi við skólann. Til nýdoktora teljast þeir sem lokið hafa doktorsverkefni sl. fimm ár. Styrkirnir eru sambærilegir styrkjum sem kennarar og aðrir sérfræðingar sem hafa rannsóknir að aðalsstarfi geta sótt um til sama sjóðs. Hjá KHÍ var ekki fyrir hendi samskonar fyrirkomulag, en nýdoktorar Menntavísindasviðs geta sótt um þessa styrki frá og með 1. janúar 2009.

### **Tækjakaupasjóður**

Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Akademískir starfsmenn við HÍ og tengdar stofnanir geta sótt um í sjóðinn sem er þrískiptur. Um er að ræða styrki vegna sérhæfðra tækjakaupa, vegna verkefnabundinna tækjakaupa og vegna mótframlaga til tækjakaupa á móti samþykktum styrkjum úr tækjasjóði

Rannís. Samskonar fyrirkomulag var ekki fyrir hendi hjá KHÍ. Starfsmenn af Menntavísindasviði geta sótt um í sjóðinn frá og með 1. janúar 2009.

### **Kennslustyrkir Aðstoðarmannasjóðs**

Tilgangurinn með kennslustyrkjum Aðstoðarmannasjóðs er að auðvelda deildum skólans að bjóða doktorsnemum og eftir atvikum meistaranemum að sinna kennslu með námi sínu. Styrkirnir eru ætlaðir sem rannsóknarframlag á móti kennsluframlagi deildar. Sams konar styrkur var ekki hjá KHÍ. Frá og með 1. janúar 2009 gildir þetta fyrirkomulag einnig um Menntavísindasvið.

## 5 Hagsmunamál nemenda

Í kafla 3 hér að framan var rætt um markmið sameiningar er varða nám og námsframboð sem ætlunin er að skapa muni aukin tækifæri fyrir nemendur. Í þessum kafla er fjallað um önnur mál er varða hagsmuni þeirra tæplega 14.000 nemenda sem stunda nám í hinum sameinaða HÍ.

Í undanfara sameiningar var náið samráð haft við nemendur, fulltrúar þeirra áttu sæti í verkefnishópum og tóku virkan þátt í verkefnishópi nemenda KHÍ og HÍ er settur var á laggirnar um þeirra hagsmunamál. Hópurinn tók til starfa í nóvember 2007 en áður hafði verkefnisstjóri sameiningar hitt fulltrúa nemenda beggja skóla á samráðsfundum frá því um vorið. Verkefnishópurinn starfaði skv. erindisbréfi og lauk störfum með skýrslu í maí 2008. Hópurinn hafði nokkuð aðra stöðu en aðrir starfshópar sökum þess að yfirstjórn skólans og verkefnisstjórn í umboði hennar hafði ekki forræði yfir verkefnum þeim sem hópurinn þurfti að leysa. Stúdentaráð skólanna eru hagsmunasamtök nemenda og eiga þau eignir eða stunda rekstur (svo sem á vettvangi Félagsstofnunar stúdenta) eða gera tilkall til réttinda (svo sem til notkunar á stúdentaíbúðum í gegnum Byggingarfélag námsmanna) sem yfirstjórnir skólanna hafa ekki um að segja. Mikilvægt er að samstarf fulltrúa nemenda og samþætting hagsmuna þeirra gangi vel fyrir sig og sé nemendum skólans í heild hagstæð. Vel heppnuð samþætting hagsmuna nemenda er veigamikill þáttur í því að nemendum finnist sameining KHÍ og HÍ hafa gengið vel.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum hópsins á þá lund að hann hafi fjallað annars vegar um skipan hagsmunamála stúdenta eftir sameiningu og fyrirkomulag reksturs á vegum nemenda og húsnæðismál hins vegar.

### 5.1 Skipan hagsmunamála nemenda

Í HÍ og KHÍ skipuðu stúdentar málum sínum í hagsmunasamtökum sem er stýrt af stúdentaráðum skólanna. Í KHÍ sinnti stúdentaráð skólans þeim verkefnum sem í HÍ skiptast á milli Stúdentaráðs HÍ annars vegar og Félagsstofnunar stúdenta (FS) hins vegar. Um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands gilda lög nr. 33/1968.

Auk þess er stúdentaráð KHÍ aðili að Byggingarfélagi námsmanna (BN) sem er sjálfseignarstofnun er þrír aðrir skólar standa einnig að.

Á haustmánuðum 2008 hefur verið unnið eftir tillögum verkefnishópsins um skipan hagsmunamála stúdenta. Þannig hefur stúdentaráð KHÍ (SKHÍ) átt tvo áheyrnarfulltrúa á fundum stúdentaráðs HÍ (SHÍ) og mun það fyrirkomulag haldast þar til nýtt stúdentaráð tekur við í mars 2009. Stúdentar af Menntavísindasviði munu taka þátt í næstu kosningum til SHÍ í febrúar 2009 og eftir það mun

stúdentaráð starfa eftir nýju skipulagi að hagsmunamálum stúdenta. Nýtt skipulag byggir á því að SHÍ muni áfram sinna miðlægri þjónustu fyrir alla stúdenta skólans en á hverju fræðasviði starfi hagsmunafélög stúdenta sem velji sér sameiginlegan tengilið við stúdentaráð. Þetta þýðir að sú hagsmunagæsla sem hingað til hefur verið sinnt af SKHÍ (tengsl við LÍN, ráðgjöf um réttindi og skyldur stúdenta, útgáfumál, rekstur skrifstofu o.fl.) færast yfir til SHÍ. Í gildi eru þrír samningar milli HÍ og SHÍ um rekstur skrifstofu annars vegar og þjónustu við erlenda stúdenta hins vegar. Einnig fær FS ákveðna upphæð, nú rúmlega 9%, af skrásetningargjaldi stúdenta í sinn hlut til að kosta reksturinn.

Stúdentafélögin fengu fjárveitingar hvort í sínu lagi sumarið 2008 eins og áður, þ.e. hluta af skráningargjöldum nemenda í samræmi við samninga við stúdentafélögin. Gengið er út frá því að breytingar á fjármögnun til hagsmunafélaga stúdenta muni eiga sér stað frá og með árinu 2009. Þá mun HÍ greiða til SHÍ sem fulltrúa allra stúdenta sameinaðs háskóla og til FS í samræmi við aukinn nemendafjölda með tilkomu nemenda Menntavísindasviðs en beinar greiðslur til SKHÍ munu falla niður. SKHÍ annars vegar og SHÍ og FS hins vegar hafa nýlega gengið frá samkomulagi um greiðslur þess fyrstnefnda til hinna vegna skólaársins 2008- 2009.

## 5.2 Húsnæðismál og rekstur fyrirtækja nemenda

Eins og fram hefur komið er SKHÍ aðili að sjálfseignarstofnuninni Byggingarfélag námsmanna (BN) sem veitir nemendum í skólanum rétt til að nýta sér leiguhúsnæði á vegum félagsins. BN á og rekur 531 stúdentaíbúðir í Reykjavík og á Laugarvatni.

Að félaginu standa auk SKHÍ, stúdentafélög Háskólans í Reykjavík, Listaháskólans og Tækniskólans (áður Fjöltækniskólans). Félagstofnun stúdenta á og rekur 730 leiguingar í Reykjavík. Í þeim búa á hverjum tíma á bilinu 1.200-1.300 nemendur HÍ.

Sameining skólanna kallar á að fundin sé viðeigandi lausn á því hvernig sem best megi varðveita réttindi SKHÍ í BN. Úrlausnarefnið er flókið því aðilar að BN hafa ekki skilgreint hve margar íbúðir hver aðildarskóli eigi rétt á að nýta og því erfitt að flytja þau ótilgreindu réttindi yfir í nýtt umhverfi í sameinuðum skóla. Við sameiningu SKHÍ og SHÍ er nauðsynlegt að finna lausn á þessum vanda sem allir aðilar geta sætt sig við og tryggir réttindi nemenda sameinaðs HÍ sem best.

Verkefnishópurinn náði ekki að koma með efnislega tillögu um lausn húsnæðismála stúdenta en lagði til að vinnuhópi skipuðum fulltrúum nemenda beggja skóla, fulltrúum FS og BN, verði falið að finna leiðir til úthlutunar stúdentaíbúða fyrir alla stúdenta við HÍ árið 2009, þar sem jafnræðis verði gætt og jafnframt tryggt að SKHÍ tapi ekki þeim rétti sem félagsmenn eiga í BN. Lagt var til að hópurinn kæmi með niðurstöðu í lok janúar 2009. Verkefnisstjórn tilnefndi fjármálastjóra HÍ í hópinum fyrir hönd skólans og hefur hópurinn unnið að lausn málsins á haustönn 2008. Hópurinn er sammála um áherslur og vinnur nú að tillögu sem leggja þarf fyrir BN í janúar.

FS starfar óbreytt eftir sameiningu skólanna. Eftir sameiningu hafa nemendur Menntavísindasviðs rétt á að nýta sér þjónustu FS s.s. sækja um aðgang að leikskólum á hennar vegum. FS rekur Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi. Bóksala á vegum arftaka SKHÍ mun sinna þjónustu við nemendur Menntavísindasviðs þar til stúdentaráð HÍ og arftaki SKHÍ annars vegar og FS hins vegar koma sér saman um annað.



## 6 Starfsmanna- og kjaramál

Í sameinuðum háskóla starfa rúmlega 1.200 fastráðnir og tæplega 3.000 lausráðnir starfsmenn. Við sameiningu tveggja stofnana er afar mikilvægt að huga að vellíðan starfsfólks og að gæta þess að það fái reglulega upplýsingar um framgang verkefnisins og fyrirsjáanlegar breytingar á störfum sínum og starfsumhverfi. Við svo umfangsmiklar breytingar sem þessar má engu að síður búast við að eitthvert óöryggi geri vart við sig enda um rótgrónar stofnanir að ræða sem hvor um sig hefur starfað í um og yfir eina öld. Það hefur því frá upphafi skipt meginmáli að starfsfólk skólanna hefur almennt verið jákvætt í garð hennar (sjá einnig kafla 9 um viðhorfa- og kynningarmál). Starfsmenn sem tóku þátt í starfi verkefnishópa eða tóku með öðrum hætti þátt í undirbúningi sameiningarinnar skiluðu verðmætri vinnu við að leita sameiginlegra lausna á þeim verkefnum sem þeir fengu í hendur og er áfram unnið samkvæmt þeim tillögum sem þar komu fram.<sup>15</sup>

Að mati verkefnisstjórnar skipti það miklu máli fyrir framgang sameiningarverkefnisins að frá upphafi var ljóst að allt starfsfólk myndi halda störfum sínum eftir sameininguna, enda var þetta staðfest í 3. gr laga um sameiningu KHÍ og HÍ. Í umræddri lagagrein segir:

Við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundinna ráðinna kennara sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands. Um flutning starfa skv. 2. mgr. fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 með síðari breytingum. Við gildistöku laga þessara verður embætti rektors Kennaraháskóla Íslands lagt niður.

Jafnframt kom fram í greinargerð með lagafrumvarpinu að skoða þurfi sérstaklega kjaramál starfsmanna skólanna og stéttarfélagsmál. Samræma þurfi réttindi og skyldur starfsfólks í nýjum sameinuðum háskóla, s.s. aðgang að sjóðum, rannsóknamisseri, ráðningu og framgang, matskerfi vegna rannsókna og kennslu, vinnumat vegna stjórnunar o.fl. (Sjá nánar kafla 4).

### 6.1 Samræming réttinda starfsfólks

Settur var á fót starfshópur skipaður starfsfólki frá báðum skólum til að kortleggja öll kjaratengd málefni og bera saman rannsóknarvirkni starfsmanna HÍ og KHÍ. Þetta var nokkuð umfangsmikil vinna enda sjóðakerfið viðamikil hjá báðum skólunum. Sjóðakerfið er hluti af hvatakerfi akademískra starfsmanna og þjónar þeim tilgangi að efla rannsóknir og kennslu (sjá nánar um sjóði í kafla 4). Ólíkar reglur giltu hjá skólunum um aldurstengdan kennsluafslátt. Einnig var nokkur munur á greiðslu fyrir kennslu, annars vegar milli deilda HÍ innbyrðis og KHÍ hinsvegar. Afrakstur

<sup>15</sup> Sjá nánar samantekt um verkefnishópana í viðauka 6.

þessarar vinnu má sjá í skýrslu sem hópurinn tók saman.<sup>16</sup> Skýrslan nýttist við undirbúning að sameiginlegum stofnanasamningi Kennaraháskóla Íslands og Félags háskólakennara við HÍ. Þegar þetta er skrifað í desember 2008 liggja fyrir drög að sameiginlegum stofnanasamningi þessara félaga við HÍ þar sem fram koma tillögur að lausnum til samræmingar kjara háskólakennara og annarra starfsmanna. Áður eða í júní 2008 höfðu fulltrúar beggja félaganna skrifað undir kjarasamning við fjármálaráðherra ásamt 18 öðrum aðildarfélögum Bandalags háskólamanna. Í maí skrifaði Fjármálaráðuneytið undir kjarasamninga við félög starfsmanna í báðum skólunum. Þetta voru Starfsgreinasambandið, en innan þess eru félagsmenn í Eflingu, og við Starfsmannafélag í almannapjónustu (SFR). HÍ og SFR gengu frá stofnanasamningi 21. nóvember 2008 þar sem fallið var frá launaröðun skv. starfsmati og horfið til hefðbundinnar launaflokkaröðunar eftir starfsheitum.

Eins og fram kemur í kafla 4 eru til staðar í báðum háskólunum vinnumatssjóðir vegna rannsókna. Hlutverk sjóðanna er að efla rannsóknir við skólann. Greitt er úr sjóðunum vegna rannsókna akademískra starfsmanna, en þeir sækja árlega um greiðslur úr sjóðunum með því að skila inn rannsóknaskýrslu. Sérstakt matskerfi er notað til að ákvarða úthlutun og eru rannsóknir metnar til stiga samkvæmt því kerfi. Stigamatskerfið var þróað af Kjaranefnd fyrir prófessora og hafa önnur kjarafélög akademískra starfsmanna tekið upp sama kerfi. Í KHÍ var matskerfið aðlagð starfsemi skólans og teknir inn matsþættir eins og námskrárgerð, kennsluefni fyrir neðri skólastig, íþróttaafrek og listir. Þessir flokkar eru ekki í stigamatskerfi HÍ. Endurskoðun á sameiginlegu stigamatskerfi fyrir sameinaðan háskóla er flókið verkefni og verður unnið að því á næstu misserum. Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra við Félag prófessora við ríkisháskóla frá 26. september 2008 er nefnd á vegum þessara aðila ætlað að útfæra framtíðar verklag við stigamat fyrir prófessora. Gert er ráð fyrir að sama kerfi verði notað fyrir aðra akademíska starfsmenn með aðkomu kjarafélaga þeirra að útfærslu þess. Þar til hið nýja kerfi verður endanlega samþykkt verður núverandi kerfi Menntavísindasviðs notað við mat á rannsóknum starfsmanna sviðsins.

Við KHÍ og HÍ voru í gildi jafnréttisáætlanir. Stefna KHÍ í jafnréttismálum var samþykkt árið 2004 og í HÍ var í gildi jafnréttisáætlun fyrir tímabilið 2005-2009 sem samþykkt var í nóvember 2005.<sup>17</sup> Vegna sameiningar skólanna og skipulagsbreytinga innan HÍ var talið tímabært að endurskoða jafnréttisáætlun HÍ og samþykkja nýja áætlun fyrir sameinaðan skóla. Jafnframt hafði Alþingi sett ný jafnréttislög nr. 10/2008 sem kölluðu á endurskoðun áætlunar í jafnréttismálum við sameinaðan háskóla. Jafnréttisnefnd HÍ hafði umsjón með þessari vinnu í samráði við fulltrúa frá jafnréttisnefnd KHÍ. Áætlunin sem tekur sérstaklega til jafnréttis karla og kvenna var lögð fyrir nýtt háskólaráð HÍ í nóvember 2008 en jafnréttisnefnd vinnur að lokafrágangi að teknu tilliti til ábendinga háskólaráðs.

<sup>16</sup> Sjá skýrsluna: Starfskjör, skipan sjóða og rannsóknarvirkni starfsmanna HÍ og KHÍ. Samanburður og greining í aðdraganda sameiningar skólanna í viðauka 11.

<sup>17</sup> Við HÍ er auk þessa í gildi sérstök stefna í málefnum fatlaðra og sérstök stefna gegn mismunun þar sem tekið er á þáttum er varða aldur, fötlun, heilsufar, kyn, kynhneigð, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, uppruna, litarhátt og menningu. Við KHÍ voru þessi atriði samþætt í stefnu í jafnréttismálum. Ætlunin er að endurskoða stefnu gegn mismunun. Við sameiningu skólanna munu þessar stefnur HÍ einnig eiga við um Menntavísindasvið.

## 6.2 Flutningur starfa og breytingar á starfsumhverfi

Vert er að ítreka að sameining skólanna var ekki gerð í hagræðingarskyni heldur var markmiðið með henni að auka gæði náms og rannsókna. Eins og áður hefur komið fram fluttust réttindi starfsfólks KHÍ yfir til HÍ við sameininguna og var öllum tryggt áframhaldandi starf. Eðlilegt er þó að gera ráð fyrir breytingum á starfsskyldum einstakra starfsmanna vegna endurskipulagningar stoðþjónustu og stjórnslu á nýjum fræðasviðum. Þessar breytingar hafa enn ekki að fullu komið til framkvæmda. Nokkrir starfsmenn fluttust yfir í sameiginlega stjórnslu Háskólans strax 1. júlí og verða frekari breytingar um næstu áramót við fjárhagslegan samruna KHÍ og HÍ. Gerð er grein fyrir flutningi verkefna frá Menntavísindasviði til annarra eininga HÍ í kafla 7.2 hér á eftir. Eins og rætt var um í 3. kafla mun flutningur náms í uppeldis- og menntunarfræðum frá Félagsvísindasviði til Menntavísindasviðs einnig fela í sér flutning starfsfólks á milli starfseininga. Nánar tiltekið er í þessu tilviki um að ræða fimm háskólakennara.

Sameiningin hefur orðið til þess að nokkrir starfsmenn hins sameinaða skóla hafa flust í önnur störf eins og áður sagði. Þannig er nýr forseti Menntavísindasviðs og arftaki rektors KHÍ fyrrverandi skorarformaður í uppeldis- og menntunarfræðiskor félagsvísindadeildar HÍ, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs KHÍ hóf störf við sameiginlega stjórnslu og mun í byrjun árs 2009 taka tímabundið við starfi starfsmannastjóra HÍ, fyrrverandi skjalastjóri KHÍ er nú forstöðumaður skjalasafns HÍ og ritstjóri innri vefs HÍ var áður vefstjóri KHÍ.

Rétt er að geta þess að núverandi vinnuástaða starfsfólks Menntavísindasviðs er dreifð og mun verða það áfram um óákveðinn tíma. Starfsmenn eru á þremur stöðum á Rauðarárholti í Reykjavík og einnig á Laugarvatni. Þar til búið er að byggja yfir starfsemi Menntavísindasviðs á lóð HÍ, eins og ákveðið hefur verið að stefnt skuli að, er viðbúið að ekki náist að samnýta starfsfólk eins og best verður kosið vegna dreifðrar vinnuástöðu. Rætt er um húsnaðismál skólans í kafla 7.

## 7 Umfang og endurskipulagning stjórnýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs

Með sameiningu HÍ og KHÍ runnu saman tvær sjálfstæðar stofnanir og myndaði önnur þeirra stofninn í nýju fræðasviði hins sameinaða háskóla. Þetta hefur víðtæk áhrif á skipulag, verkefni og verkaskiptingu stjórnýslu og stoðþjónustu: Á annan bóginn munu ýmis sameiginleg verkefni færast frá Menntavísindasviði til sameiginlegrar stjórnýslu HÍ. Á hinn bóginn er það eitt af meginmarkmiðum *Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011* og nýs stjórnskipulags sameinaðs háskóla að efla stjórnýslu og stoðþjónustu við nemendur og kennara og mun því stoðþjónustan í nýjum háskóla jafnframt verða efl. Ljóst er að þessi endurskipulagning stjórnýslunnar og stoðþjónustunnar er viðamikil verkefni og verður því ekki lokið fyrr en á árinu 2009. Af þessum sökum er ekki unnt að lýsa niðurstöðu hennar til fulls hér. Þess ber þó að geta að við undirbúning þessa verkefnis var fyrirkomulag þjónustu og þjónustustig KHÍ að sumu leyti haft til fyrirmyndar við hönnun framtíðarskipulags stoðþjónustu hinna nýju fræðasviða.

Í skilagrein með frumvarpi um sameiningu HÍ og KHÍ segir að hugsanlega mætti ná fram aukinni hagkvæmni í stjórnýslu og stoðþjónustu sameinaðs skóla og að nýta mætti þá fjármuni sem þannig spöruðust með þeim hætti sem samrýmist hlutverki hans og markmiðum. Eins og áður sagði er endurskipulagningu stjórnýslu og stoðþjónustu sameinaðs háskóla ekki lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð og því ekki unnt að svara því hvort hugmyndir um hagræðingu nái fram að ganga. Eðlilegt er að þeirri spurningu verði svarað þegar fyrirætluð úttekt á sameiningu skólanna verður unnin.

Endurskipulagning stjórnýslu og stoðþjónustu fræðasviðanna er vitaskuld ekki aðeins tæknilegt viðfangsefni heldur snertir hún jafnframt stóran hóp starfsmanna beint og óbeint. Eins og kom fram í umfjöllun í kafla 6 er í lögum um sameiningu skólanna kveðið á um að allir starfmenn haldi störfum sínum eða flytjast í sambærileg störf. Í lögnum er aðeins ein undantekning frá þessari meginreglu og er það starf rektors KHÍ sem var lagt niður með sameiningunni. Hefur þetta gengið eftir og hafa starfsmenn í stjórnýslu og stoðþjónustu ýmist haldið störfum sínum eða munu flytjast í sambærileg störf innan sameiginlegrar stjórnýslu eða Menntavísindasviðs.

### Samráð

Í kafla 2 var stuttlega minnst á verkefnishópa sem settir voru á fót í aðdraganda sameiningarinnar veturinn 2007-2008. Þessir hópar fengu afmörkuð verkefni og settu fram margvíslegar tillögur. Margar tillögur hópanna hafa verið nýttar áfram við útfærslu stoðþjónustu og samræmingu verkefna skólanna. Nokkrar þessara tillagna kölluðu á endurskoðun á upplýsingatæknimálum HÍ í víðustum skilningi. Háskólaráð HÍ brást við með því að setja á laggirnar nefnd sem hafði það verkefni að endurskoða upplýsingatæknimál skólans og skila skýrslu um mótun stefnu í þeim

málaflokki. Nefndin skilaði skýrslu í maí 2008. Nú á haustdögum hefur verið unnið að endurskipulagi upplýsingatæknimála í framhaldi af skýrslunni.

Rektorar HÍ og KHÍ skrifuðu í byrjun árs 2008 undir samkomulag um samráð vegna verkefna og ákvarðana í stjórnarsýslu og stoðþjónustu skólanna þar sem kveðið var á um að ákvarðanir um verkefni, breytingar á vinnulagi eða verkferlum skyldi taka í samráði við forstöðumann samsvarandi einingar hins skólans. Jafnframt var tekið fram að eftir sameiningu verði þáverandi starfsfólk KHÍ í stjórnarsýslu og stoðþjónustu undir stjórn forseta Menntavísindasviðs þar til annað verður ákveðið.<sup>18</sup> Á grunni þessa samkomulags höfðu þjónustueiningar HÍ og KHÍ samráð um verkefni sín og samþættingu þeirra bæði fyrir og eftir sameiningu.<sup>19</sup>

## 7.1 Flutningur verkefna frá Menntavísindasviði til miðlægrar stjórnarsýslu HÍ

Eins og áður hefur komið fram eru fyrirsjáanlegar allnokkrar breytingar á stjórnarsýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs vegna sameiningarinnar og vegna aðlögunar að breyttu skipulagi HÍ. Eins og gefur að skilja leiðir sameining tveggja sjálfstæðra stofnana til þess að til verða tvö „sett“ af verkefnum. Að óbreyttu hefði þetta í för með sér að Menntavísindasvið þyrfti að greiða sérstaklega fyrir verkefni og þjónustu sem önnur svið njóta af sameiginlegu fé skólans. Stjórnendur hafa því staðið frammi fyrir því að ákvarða hvaða verkefni sem nú er sinnt á Menntavísindasviði HÍ tilheyri miðlægrri starfsemi fremur en verkefnum fræðasviðsins. Þetta á einkum við um almenna stjórnarsýslu og stoðþjónustu en einnig um verkefni sem tengjast rannsóknum. Á haustdögum 2008 voru þessi verkefni kortlögð og tilgreint hvaða eining HÍ eigi að hafa yfir þeim að segja og bera kostnað af þeim. Það veltur á verkefnum sjálfum hvenær eðlilegt er að flytja þau milli eininga og í sumum tilfellum er ekki sjálfsagt að flytja starfsstöðvar starfsmanna í sama húsnæði og yfirstjórn þeirra.

Hér á eftir er tilgreint hvaða verkefni gert er ráð fyrir að muni að óbreyttu flytjast til á nýju ári við fjárhagslegan samruna Menntavísindasviðs og HÍ.

### **Rekstur fasteigna**

Menntavísindasvið hefur yfir að ráða fasteignum í Reykjavík og á Laugarvatni, bæði eigin húsnæði og leiguhúsnæði. Frá og með 1. janúar 2009 mun rekstur fasteigna Menntavísindasviðs vera í umsjá framkvæmda- og tæknisviðs HÍ og lýtur almennum reglum um afnot húsnæðis.

<sup>18</sup> Sjá samkomulagið í heild sinni í viðauka 12.

<sup>19</sup> Sjá samantekt um útfærslu verkefna, samráð og samvinnu þjónustueininga 2007 og 2008 vegna sameiningar KHÍ og HÍ, í viðauka 13.

## **Nemendaskrá**

Fram að sameiningu HÍ og KHÍ var starfrækt sérstök nemendaskrá fyrir KHÍ. Nemendaskrá í sameinuðum háskóla er verkefni sem fellur undir miðlæga stjórnslu og tilheyrir kennsluviði HÍ. Frá og með 1. janúar 2009 verða nemendaskrármál almennt undir stjórn kennsluviðs HÍ en útibú verður starfrækt áfram í þjónustuveri Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

## **Starfsmannastjórn**

Stjórnun starfsmannamála KHÍ var alfarið í höndum skólans. Nú er gert ráð fyrir verkaskiptingu á milli miðlægrar stjórnslu og sviðanna, en ekki hefur verið gengið frá henni í smáatriðum. Ljóst er að verkefnum starfsmannastjóra fækkar en mikilvægt er samt að starfsmannamálum sé sinnt á fræðasviðinu af starfsmannastjóra þess.

## **Bókhald**

Bókhald KHÍ hefur verið alfarið í höndum stofnunarinnar sjálfar. Fjármálastjóri HÍ og fulltrúar frá bókhaldi og fjármálum Menntavísindasviðs hafa frá vori 2008 unnið að því að samræma verklag sviðsins að verklagi fjármálasviðs HÍ og samræmingu bókhaldslykla. Gert er ráð fyrir að bókhald færist undir fjármálasvið 1. janúar 2009 þó áfram verði starfsstöð á Menntavísindasviði. Tryggja þarf að fjármálastjórn og áætlanagerð sé sinnt á fræðasviðinu til frambúðar og mikilvægt er að samstarf og tengsl við fjármálasvið verði náð í fjármálum og launavinnslu.

## **Launaskráning**

Á Menntavísindasviði fer fram móttaka vinnuskýrsla kennara, úrvinnsla þeirra og skráning í launakerfi Orra. Það sama á við um starfsmenn í stjórnslu og stoðþjónustu. Þá er einnig haft umsjón og eftirlit með launagreiðslum. Launaskráning verður flutt til fjármálasviðs HÍ 1. janúar 2009 en úrvinnsla vinnuskýrsla og starfsstöð verður áfram á Menntavísindasviði

## **Sjóðir**

Rætt var um vinnumatssjóð, ársmatssjóð, ferðasjóð og rannsóknarmisseri í kafla 4 hér að framan. Gert er ráð fyrir að þessir sjóðir sem starfræktir voru í KHÍ verði sameinaðir sjóðum með saman nafni í HÍ frá og með 1. janúar 2009.

## **Stigamat**

Móttaka og úrvinnsla árlegra skýrsla kennara KHÍ um rannsóknir þeirra og tengd störf var hjá skólanum sjálfum. Sömuleiðis voru þessi störf metin til stiga samkvæmt stigamatskerfi skólans. Gert er ráð fyrir að þetta verkefni flytjist til vísindasviðs í miðlægrri stjórnslu skólans og verði á ábyrgð þess.

## **Safnamál**

Kennaraháskólinn hefur starfrækt sérhæft bókasafn á sviði uppeldis- og menntunarfræða áratugum saman og er það eina sérhæfða bókasafn landsins á þessu sviði. Þjónusta bókasafnsins er fræðasviðinu afar mikilvæg og tryggja þarf tilvist þess sem næst vettvangi aðal notendahópsins. Líklegt má telja að safnið verði með tímanum hluti af Landsbókasafni - Háskólabókasafni en um það þarf að semja sérstaklega. Tímabært verður að sameina söfnin þegar Menntavísindasvið flytur starfsemi sína á háskólasvæðið en hafa bókasafn í lítið breyttri mynd í Stakkahlíðinni þangað til. Gert er ráð fyrir því að bókasafn Menntavísindasviðs verði rekið áfram með svipuðu sniði í Stakkahlíðinni og með hálfu starfi á Laugarvatni og rekstrarkostnaður verði greiddur af miðlægri stjórnsýslu. Yfirstjórn bókasafnsins verði falin forseta Menntavísindasviðs þar til starfsemi fræðasviðsins flytur á háskólasvæðið. Söfnin vinni saman á tímabilinu og undirbúi sameiningu eftir því sem tímar líða.

## **Námsráðgjöf**

Námsráðgjafar Kennaraháskóla Íslands veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast námi þeirra og náms- og starfsvali. Tveir námsráðgjafar starfa við Menntavísindasvið en 10 manns starfa hjá Náms- og starfsráðgjöf HÍ. Frá og með 1. janúar 2009 munu verkefni námsráðgjafa á Menntavísindasviði tilheyra Náms- og starfsráðgjöf HÍ. Gert er ráð fyrir því að námsráðgjafar Menntavísindasviðs hafi eftir sem áður starfsstöð í Stakkahlíð.

## **Alþjóðamál**

Alþjóðamál HÍ eru einkum í höndum Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, en að hluta til einnig á fræðasviðum. Við KHÍ var starfið að mestu í höndum alþjóðafulltrúa og gera þarf ráð fyrir að hluti af verkefnum hans færist til Alþjóðaskrifstofunnar. Líklegt er að verkefni sem þarfnist hálftrar stöðu verði eftir á Menntavísindasviði miðað við skipan í náinni framtíð.

## **Kerfisþjónusta, tölvu- og upplýsingatæknimál**

Reiknistofnun Háskóla Íslands varð umsjónaraðili tölvukerfa Menntavísindasviðs frá og með 1. júlí 2008 og er því eðlilegt að starfsmenn við kerfisþjónustu á sviðinu verði starfsmenn RHÍ eða færast í önnur störf. Gert er ráð fyrir að RHÍ taki að sér umsjón kerfisþjónustu einnig en önnur skyld verkefni sem hingað til hefur verið sinnt af Menntasmiðju verði áfram á vegum Menntavísindasviðs. Unnið er að því að skýra betur mörkin milli þjónustu Reiknistofnunar og Menntasmiðju og er gert ráð fyrir aðlögunartíma að nýju umhverfi til 1.7. 2009.

## **Vefstjórn**

KHÍ var með sjálfstæðan vef fram að sameiningu. Við sameiningu skólanna 1. júlí 2008 var opnaður nýr vefur HÍ og er Menntavísindasvið hluti hans. Eftir sameininguna mun Menntavísindasvið sjá um efni á sínum hluta af vef HÍ. Ábyrgð á sameiginlegum vef HÍ er hjá

markaðs- og samskiptasviði í miðlægrri stjórnsýslu og hluti vefverkefna sem unnin voru hjá KHÍ flytjast þangað. Enn er þó eftir að ákveða hvað verður um ýmsa kennsluvefi sem voru í KHÍ og hver sér um vistun og þjónustu í tengslum við þá. Eftir stendur að sinna þarf sértækum vefmálum Menntavísindasviðs af starfsmanni fræðasviðsins. Gert er ráð fyrir að öll tæknileg þjónusta við vefinn flytjist með tímanum í vefdeild í miðlægrri stjórnsýslu.

## 7.2 Framtíðarskipan stjórnsýslu og stoðþjónustu Menntavísindasviðs

Í samræmi við *Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011* hefur stjórnkerfi skólans verið eftt með innleiðingu fimm nýrra fræðasviða sem hvert um sig skiptist í nokkrar deildir. Stjórnkerfisbreytingin tók gildi 1. júlí 2008, sama dag og KHÍ og HÍ sameinuðust. Eitt megininkenni stjórnkerfisbreytingarinnar er að verkefni og ábyrgð færast frá miðlægrri stjórnsýslu til fræðasviðanna. Dæmi um þetta er að gert er ráð fyrir að verkefnum eins og vefstjórn, kennslustjórn og starfsmannamálum verði sinnt á hverju fræðasviði. Þeir sem þessum verkefnum sinna hafi bein tengsl við samsvarandi svið í miðlægrri stjórnsýslu til að tryggja upplýsingaflæði og samhæfingu í vinnubrögðum. Það er einnig nýmæli að allir nýir starfsmenn munu verða ráðnir til sviðs en ekki deildar eins og áður var.

Menntavísindasvið er í eilítið annarri stöðu en sviðin 4 sem urðu til úr þeim 11 deildum sem voru fyrir í HÍ fyrir sameiningu. Í tilfelli þeirra þótti nauðsynlegt að við endurskipulagningu skólans yrði stoðþjónusta eflað til muna, eins og fram kemur í *Stefnu HÍ 2006-2011*. Í KHÍ var aftur á móti til staðar öflug stoðþjónusta, bókasafn, tölvuþjónusta og aðstoð við kennara í sérstakri Menntasmiðju. Skipan þjónustu hjá KHÍ hefur eins og áður hefur komið fram að nokkru leyti verið höfð til fyrirmyndar fyrir væntanlega skipan stoðþjónustu hjá hinum fræðasviðunum. Eins og kom fram í inngangi kaflans er endurskipulagning stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðanna viðamikil verkefni sem verður ekki lokið fyrr en á næsta ári. Hér verður því aðeins rætt um stöðuna eins og hún er þegar skýrsla þessi er rituð í lok árs 2008.

Eins og fram kom í kafla 3 var Menntavísindasviði skipt í deildir við sameiningu skólanna líkt og tíðkast hefur í HÍ. Deildirnar eru: Kennaradeild, Uppeldis- og menntunarfræðideild og Íþróttá-, tómstundafræði- og þroskaþjálfadeild. Í júní 2008 skipaði háskólaráð KHÍ deildarforseta þessara deilda til tveggja ára.

Jafnframt skipaði forseti fræðasviðsins þrjár fastanefndir við sviðið: Rannsóknarnefnd, kennslunefnd og skólaþróunarnefnd. Formenn nefndanna munu sitja í stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og deildarforsetum.

Eins og áður hefur komið fram er forseti æðsti yfirmaður fræðasviðs og starfar í umboði rektors. Hann ræður til sín rekstrarstjóra sem er yfirmaður stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins. Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs tók til starfa 1. júlí 2008. Forseti fræðasviðsins og rekstrarstjóri hafa nú á haustdögum tekið fyrstu skref til útfærslu stoðþjónustu á sviðinu. Það sem einkennir



Þetta starf á Menntavísindasviði er, eins og fram hefur komið í kafla 7.1 hér að framan, að skilgreina þarf hvaða verkefni sem sinnt var í KHÍ meðan hann var sjálfstæður háskóli, munu tilheyra miðlægri starfsemi. Öfugt við önnur fræðasvið skólans munu því breytingarnar að nokkru leyti einkennast af flutningi verkefna frá Menntavísindasviði til miðlægrar stjórnslu.

Stefna fræðasviðsins er að léttu öðrum verkefnum en kennslu og rannsóknum af akademískum starfsmönnum eins og kostur er og færa þau til starfsmanna í stjórnslu. Þannig hafa þrjár deildir fræðasviðsins fengið sinn verkefnisstjórnann hver sem sinnir stjórnslulegum verkefnum deildar og eru deildarforseta til aðstoðar.

Gert er ráð fyrir því að á fræðasviðinu verði eftirtalin verkefni í stjórnslu og stoðþjónustu sem fjármögnuð verða af sviðinu sjálfu: fjármálastjórn, umsjón með málefnum kennslu og nemenda, þjónusta við rannsóknir kennara, umsjón með skjalamálum, markaðs- og kynningarmál, starfsmannamál, alþjóðamál auk almennrar þjónustu við nemendur og kennara. Enn á þó eftir að ákveða umfang verkefnanna og verður það gert þegar endanlegur fjárhagsrammi leggur fyrir. Gert er ráð fyrir að á Menntavísindasviði verði áfram bókasafn og tölvuþjónusta í Menntasmiðju

Um framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs er það að segja að fulltrúi frá KHÍ tók sæti í nefnd um skipulag og framkvæmdir á lóð HÍ strax haustið 2007. Háskólaráð HÍ og KHÍ samþykktu bæði að stefnt skuli að því að starfsemi Menntavísindasviðs verði flutt af Rauðarárholti í nýbyggingu á lóð HÍ við Suðurgötu innan fárra ára. Skipulagsnefnd HÍ vinnur að gerð tillögu um breytingu á deiliskipulagi við Suðurgötu til að mæta þeirri stefnu. Gert er ráð fyrir að tillaga þar að lútandi verði kynnt Borgarskipulag Reykjavíkur á næstunni. Ekki eru uppi áform um að flytja starfsemi íþróttabrautar Menntavísindasviðs á Laugarvatni.

## 8 Fjármál

### 8.1 Almennt

Í skilgrein nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í upphafi árs 2006 til að skoða fýsileika sameiningar HÍ og KHÍ segir m.a.:

Tryggja þarf að stjórnskipulag sameinaðs háskóla og fjármögnun kennslu og rannsókna á sviði uppeldis-, menntunar- og kennarafræða styrki fræðasviðið frá því sem nú er. Mikilvægt er að fjárveitingar til kennslu í uppeldis-, menntunar- og kennarafræðum skerðist ekki við sameiningu háskólanna. Gæta þarf að kostun innan þeirra greina þar sem skörun verður milli kennaramenntunar og annarrar menntunar háskólans. Jafnframt er mikilvægt að fjárveitingar til rannsókna verði sambærilegar á öllum fræðasviðum hins nýja háskóla.

Skilgreininin (svokölluð fýsileikaskýrsla) er hluti af greinargerð með frumvarpi til laga um sameiningu KHÍ og HÍ og hefur þar með forsagnargildi um ýmis mál, þar á meðal fjármál.<sup>20</sup> Til þess að geta séð hvort framangreind markmið um fjármál nái fram að ganga þarf að athuga hve mikið fé Menntavísindasvið HÍ fær við skiptingu fjárveitinga HÍ til fræðasviða samkvæmt deililíkani skólans. Í kafla 7.2 var rætt um verkefni sem gert er ráð fyrir að færist yfir til miðlægrar stjórnarsýslu á árinu 2009. Heildarkostnaður vegna þessara verkefna er áætlaður um 414 m. kr. Þegar lokið er skilgreiningu á því hvaða verkefni falla undir Menntavísindasvið og hvaða verkefni tilheyra miðlægrri stjórnarsýslu er unnt að meta hvort framangreint markmið um óskertar fjárveitingar til verkefna Menntavísindasviðs nái fram að ganga. Gert er ráð fyrir að opinberri fjárveitingu til HÍ verði deilt eftir sömu reglum (deililíkani) til allra fræðasviða og deilda skólans. Ef í ljós kemur að fé sem deilt er út á þennan hátt til kennslu og rannsókna á Menntavísindasviði er ekki í samræmi við forsendur laga um sameiningu KHÍ og HÍ er gert ráð fyrir að samið verði um aðlögun að breyttum rekstrarforsendum.

Ákveðið var að KHÍ verði rekið með tiltölulega óbreyttu sniði til ársloka 2008 af fjárveitingu skólans á fjárlögum 2008, en þar var áætlað fyrir heils árs rekstri. Bókhaldsuppgjör fyrir árið 2008 verður með þeim hætti að gert verður upp á hefðbundinn hátt fyrir allt árið en síðan verður bókhald fyrir seinni helming ársins bakfært og flutt á ársreikning HÍ. Unnið var bráðabirgðauppgjör fyrir KHÍ og arftaka þess Menntavísindasvið fyrir fyrstu níu mánuði ársins og var reksturinn í jafnvægi á því tímabili. Búist er við því að rekstaraniðurstaða ársins verði jákvæð, með þeim fyrirvara að útlit er fyrir að sett markmið um fjölda ársnemenda náist ekki.

---

<sup>20</sup> Sjá skýrsluna í heild sinni í viðauka 2.

Nýr bókhaldslykill Háskóla Íslands verður tekinn í notkun í ársbyrjun 2009 vegna breytts skipulags skólans. Unnið er að breytingum á bókhaldslykli Menntavísindasviðs til samræmis við hinn nýja lykil.

## 8.2 Fjármál sameiningarverkefnisins

Sameiningarverkefnið fékk sérstaka fjárveitingu í fjárlögum ríkisins, 16 m. kr. fyrir árið 2007 og 14. m. kr. fyrir árið 2008. Kostnaðaráætlun verkefnisins var kynnt rektorum í júní 2007 og var hún 10 m. kr. hærrí en fjárveitingar kváðu á um. Sökum þessa var í júní 2007 óskað eftir aukafjárveitingu frá Menntamálaráðuneyti sem ekki fékkst viljrði fyrir. Ný áætlun gerði ráð fyrir kostnaði í samræmi við upprunalega fjárveitingu. Fyrri árið skilaði verkefnið tæplega 3 m. kr. rekstrarafgangi sem fluttur var milli ára og samkvæmt bráðabirgðauppgjöri í nóvember 2008 mun verkefnið skila um 100. þús. kr. afgangi. Stærsti hluti kostnaðar bæði árin eru launagreiðslur og greiðslur þóknana vegna nefndarsetu á vegum verkefnisins.<sup>21</sup> Í þessu sambandi er ástæða til að geta þess að í fjarlagatillögum HÍ til menntamálaráðuneytis fyrir árið 2009 var óskað eftir sérstakri fjárveitingu að upphæð 90 m. kr vegna sameiningar HÍ og KHÍ og sama framlagi í fjárukalögum fyrir árið 2008. Röksemdin fyrir kröfu skólans um hækkun fjárveitinga var sú að verulegur kostnaður hlytist af samhæfingu á skipulagi, launakerfi, hugbúnaði, starfsreglum og öðrum sameiginlegum kerfum sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í framlagi ríkisins. Nánar tiltekið breytingum á nemendaskrárkerfi og kennsluvef Uglu, aðlögun fjárhags og starfsmannakerfa, breytinga á tölvukerfum og tölvutengingum vegna yfirtöku Reiknistofnunar HÍ á tölvukerfum KHÍ og samræmingu á innri og ytri vefjum skólanna ofl. Tillaga HÍ um samtals 180 m. kr. fjárveitingu árin 2008 og 2009 fékk ekki hljómgrunn hjá fjárveitingavaldi.

## 8.3 Annar kostnaður, hugsanleg hagræðing og framtíðin

Við gerð aðalkjarasamnings í júní 2008 gáfu stjórnvöld viljrði fyrir 40 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að greiða fyrir samræmingu kjara við gerð væntanlegs stofnanasamnings við félög háskólakennara. Samræming kjara starfsmanna í Félagi háskólakennara felur í sér að samræma þarf reglur um greiðslu fyrir kennslu og rannsóknir. Af þessu leiðir að leggja þarf aukið fé í sjóði svo sem vinnumatssjóð, rannsóknarsjóði, sáttmálasjóð og sjóð vegna rannsóknarmissera. Einnig þarf að mæta kostnaði vegna samræmingar kjara starfsmanna í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Gera þarf ráð fyrir tímabundnum tvöföldum kostnaði á nokkrum sviðum þar sem nokkurn tíma tekur að samþætta verkefni, sbr. umfjöllun í kafla 7.2 hér að framan. Umfang þessa er ekki að fullu ljóst þegar þessi skýrsla er skrifuð. Við ákvörðun um sameiningu skólanna var tekið fram að markmiðið með henni væri ekki beinlínis að ná fram hagræðingu í rekstri, en ljóst er að ef hagræðing næst verður ávinningurinn í þágu hins sameinaða háskóla.

Líklegt má telja að einhver hagræðing verði í reynd við samþættingu verkefna í stjórnsýslu en erfitt er að meta hana vegna þess að samhliða sameiningunni fer fram endurskipulagning stjórnsýslu og

---

<sup>21</sup> Sjá bráðabirgðauppgjör sameiningarverkefnisins í viðauka 14.

stoðþjónustu HÍ sem torveldar samanburð. Þá eru einnig möguleikar á hagræðingu í kennslu með samstarfi um námskeið milli fræðasviða en ekki er unnt á þessu stigi að segja fyrir um hana.

## 9 Viðhorfa- og kynningarmál

Viðhorf starfsfólks, nemenda og fulltrúa starfseininga beggja háskóla var kannað áður en háskólaráð þeirra tóku ákvörðun um að þeir skyldu sameinast. Þannig var fjallað um mögulega sameiningu skólanna á háskólafundi í HÍ þann 5. maí 2006, á fundum rektors með deildarforsetum og málið sent deildum til umsagnar áður en háskólaráð HÍ gekk frá jákvæðri umsögn sinni um sameiningu skólanna í júní 2006. Háskólaráð KHÍ fjallaði ítarlega um sameininguna á fundum sínum vorið 2006 og stóð fyrir umfangsmiklum kynningar- og umræðufundum með starfsfólki og fulltrúum nemenda skólans um málið. Á fundi sínum 31. maí 2006 samþykkti ráðið einróma að haldið yrði áfram undirbúningi sameiningar KHÍ og HÍ.

Við upphaf sameiningarverkefnisins var ákveðið að fylgjast vel með því hvaða augum starfsfólk skólanna liti væntanlega sameiningu. Í maí 2007 var könnun lögð fyrir starfsfólk skólanna og það spurt um viðhorf sitt til væntanlegrar sameiningar og boðið að koma með athugasemdir. Önnur könnun var gerð ári síðar eða rétt fyrir sameiningu. Í báðum könnunum taldi drjúgur meirihluti, eða á bilinu 64 til 80% svarenda, sameininguna frekar eða mjög jákvæða fyrir skólana en almennt töldu þeir sameininguna vera sýnu jákvæðari fyrir KHÍ en HÍ eins og hann var fyrir sameiningu. Í seinni könnuninni var starfsfólk jafnframt spurt um nýja skiptingu HÍ í 5 fræðasvið og töldu um 60% hana jákvæða eða mjög jákvæða fyrir sameinaðan háskóla. Viðhorf starfsfólks mældist svipað í báðum könnunum, þó ívið jákvæðara í seinni könnuninni.<sup>22</sup>

Í fyrri könnun um viðhorf til sameiningar skólanna kom fram mikill áhugi á að fylgjast með sameiningaferlinu og hafa aðgang að reglulegum upplýsingum á netinu. Í kjölfarið var sameiningarvefur HÍ og KHÍ <http://sameining.khi.is> opnaður í júní 2007 til upplýsingar fyrir starfsfólk, nemendur og aðra hagsmunaaðila um framgang verkefnisins. Samkvæmt seinni viðhorfskönnuninni höfðu ríflega 20% svarenda fylgst með sameiningarvefnum reglulega, mun hærra hlutfall úr KHÍ eða um 40%. Á 14 mánaða tímabili var vefsíðan heimsótt að meðaltali 2.000 sinnum á mánuði. Rúmlega 70% þeirra sem skoðuðu vefinn voru nemendur eða starfsfólk skólanna beggja. Athyglisvert er að þeir sem heimsóttu vefinn komu aftur og aftur. Langflestir notendur komu frá Íslandi en athyglisvert var að sjá að heimsóknir voru einnig þó nokkrar frá öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Frá því í apríl 2007 og til loka nóvember 2008 voru sameiningarmál á dagskrá opinna funda rektors með starfsfólki í báðum skólum. Alls voru haldnir 7 slíkir fundir í KHÍ og 5 fundir í HÍ. Að auki stóð verkefnisstjórn fyrir fræðslufundum um sameininguna fyrir starfsfólk og stjórnendur skólanna og erindi voru flutt á öðrum fundum um einstök atriði hennar.

---

<sup>22</sup> Í báðum könnunum var úrtakið fastir starfsmenn skólanna í 30% starfshlutfalli eða hærra eða hátt á annað þúsund starfsmenn.

Í seinni viðhorfskönnuninni sem gerð var í júní 2008 sögðust um 40% svarenda hafa fylgst með sameiningarferlinu á upplýsingafundum og tæplega helmingur svarenda sagðist hafa fylgst með í gegnum upplýsingar frá samstarfsfólki.

Að auki voru sameiningarmál reglulega á dagskrá funda háskólaráða beggja skólanna og funda rektors HÍ með deildarforsetum.

Frá 1. janúar 2008 til sameiningardags (1. júlí 2008) sat rektor KHÍ ásamt varaforseta háskólaráðs KHÍ fundi háskólaráðs HÍ með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Þá sat rektor KHÍ sem áheyrnarfulltrúi öll háskólaþing HÍ í aðdraganda sameiningar í boði rektors. Sama gerði verkefnisstjóri sameiningar KHÍ og HÍ eftir að hann kom til starfa ásamt fulltrúum KHÍ í verkefnisstjórn sameiningar.

Rektorar kynntu sameiningu skólanna við móttöku nýnema haustið 2007 sem skipulögð var af fulltrúum beggja skóla. Haustið 2008 var boðið upp á sameinaða dagskrá í eina viku fyrir alla nýnema sameinaðs háskóla þar sem starfsemi skólans og þjónustustofnana var kynnt.

Nýtt kynningarefni fyrir sameinaðan skóla var notað í fyrsta sinn við sameiginlega námskynningu skólanna beggja í febrúar 2008. Þar voru kynntir til sögunnar auðkennislitir fræðasviðanna fimm og samræmt útlit á kynningarefni þeirra. Í framhaldinu var hannað nýtt útlit á bréfsefni skólans og fyrir hvert fræðasvið um sig. Nýjar merkingar HÍ voru settar upp í húsnæði Menntavísindasviðs bæði utanhúss og innan sumarið 2008.

Loks var sameiningunni fagnað með veglegri hátíð 1. júlí 2008. Um morguninn var haldin stutt athöfn við húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð þar sem menntamálaráðherra afhjúpaði nýtt skilti og fánar HÍ voru dregnir að húni. Þess má geta að myndin á forsíðu skýrslunnar var tekin við það tækifæri. Samtímis var flaggað við húsnæði skólans að Laugarvatni. Til athafnarinnar var boðið starfsfólki Menntavísindasviðs og öðrum stjórnendum hins sameinaða háskóla. Síðdegis var móttaka á Háskólatorgi og sóttu hana á bilinu 700-800 boðsgestir. Þar fluttu menntamálaráðherra, rektor HÍ og fráfarandi rektor KHÍ ávörp ásamt fulltrúum stúdenta skólanna.

## 10 Mat á afrakstri og horft til framtíðar

Mikilvægt er að hafa í huga að upphaflega hugmyndin að sameiningu KHÍ og HÍ kom frá skólunum sjálfum. Það sama gildir um endurskipulagningu á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands sem unnið hefur verið að samhliða sameiningu skólanna. Þetta er nefnt hér vegna þess að þess eru fjölmörg dæmi í öðrum löndum á undanförunum árum að stjórnvöld hafi haft einhliða frumkvæði að sameiningu æðri menntastofnana. Það breytir því þó ekki að forysta menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í sameiningarferlinu skipti meginmáli, hún tók hugmyndina upp á sína arma og hafði forgöngu um að undirbúa sameininguna og framkvæmd hennar. Eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu telur verkefnisstjórn það hafa skipt miklu máli í þessu sambandi að frá byrjun var öllu starfsfólki tryggt að það héldi störfum sínum við sameininguna. Allt hefur þetta stuðlað að því að almenn sátt hefur verið um sameiningarferlið.

Starfshópur sem skipaður var af menntamálaráðherra haustið 2006 vann áætlun um sameiningu KHÍ og HÍ.<sup>23</sup> Þar er lagt til að gerð verði úttekt á sameiningunni sem skiptist í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða úttekt á sameiningarferlinu sjálfu sem verði gert strax að lokinni sameiningu skólanna. Þessi hluti leggi mat á undirbúning sameiningar, tíma- og aðgerðaráætlun og framkvæmd sameiningar.

Í seinni hluta úttektarinnar sem gerð verði 3 til 5 árum eftir sameiningu leggur starfshópurinn til að metið verði hversu vel hafi tekist að ná markmiðum sameiningar sem tilgreind eru í svokallaðri fýsileikaskýrslu og samþykktum háskólaráða KHÍ og HÍ, sbr. hér að framan. Þar verði einnig lagt mat á aðferðir og vinnubrögð við sameiningu skólanna.

Verkefnisstjórn lítur svo á að þessi skýrsla og meðfylgjandi viðaukar eigi að geta nýst þeim sem vinna munu úttekt á sameiningarferlinu á næstu misserum. Í þessu sambandi munu einnig gagnast þær upplýsingar sem birtust á sérstökum vef sameiningarverkefnisins á meðan á því stóð. Um leið vill verkefnisstjórn benda á að eðli máls samkvæmt hafa ákveðnir þættir í framkvæmd verkefnisins, svo sem útfærsla stjórnsýslu og stoðþjónustu á fræðasviðum og undirbúningur að samþættingu náms á Menntavísindasviði við önnur svið, dregist af ástæðum sem hún hefur ekki haft stjórn á. Eðlilegt er að ætla að samþætting náms á Menntavísindasviði við önnur svið skólans sem mun auka umtalsvert námsmöguleika nemenda, taki nokkur ár. Sama á við um eflingu rannsókna í menntavísindum og tengingu þeirra við aðrar rannsóknir í HÍ. Bent er á að sameiningin er tækifæri til framtíðar og mikilvægt að stjórnendur HÍ haldi áfram því samþættingarstarfi sem lagður hefur verið grunnur að.

Að öðru leyti vill verkefnisstjórn benda á að eitt af fyrstu verkum hennar á svonefndum ræsfundi verkefnisins í lok apríl 2007, en hann sátu auk verkefnisstjórnar fulltrúar akademískra starfsmanna

---

<sup>23</sup> Sjá viðauka 3.

skólanna, fulltrúar stjórnýslu og sérfræðilegur ráðgjafi um verkefnastjórnun, var m.a. að skilgreina mælikvarða sem gætu nýst til að mæla árangur verkefnisins að nokkrum árum liðnum. Meðfylgjandi hugmyndum að mælikvörðum er hér með komið á framfæri til leiðbeiningar fyrir væntanlega úttektaraðila sem sinna munu seinni úttektinni. Lagt er til að eftirfarandi atriði verði mæld og tölur frá árinu 2007 eða meðaltal nokkurra ára þar á undan bornar saman við nýjustu fáanlegar upplýsingar:

Fjöldi útskrifaðra meistaranemar úr KHÍ/af Menntavísindasviði  
Birtingar í ráðstefnuritum á fræðasviðum KHÍ/Menntavísindasviðs  
Birtingar starfsmanna Menntavísindasviðs í ritryndum tímaritum  
Fjöldi umsækjenda um nám á fræðasviðum uppeldis- og kennslufræðigreina  
Brottfall nemenda á fyrsta ári á Menntavísindasviði  
Fjöldi umsækjenda um nám í HÍ  
Fjöldi matsstiga vegna nýjunga í kennsluháttum í HÍ  
Ánægja viðskiptavina (ánægja nemenda í HÍ mæld í kennslukönnun, viðhorfskannanir í framhaldsskólum og grunnskólum)  
Úttekt á menntarannsóknnum  
Viðhorf fyrrum nemenda til námsins  
Viðhorf starfsmanna (úttektir á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna og úttekt á viðhorfi starfsmanna HÍ)

Verkefnisstjórn telur nauðsynlegt að eftir því sem kostur er verði safnað saman upplýsingum um kostnað vegna sameiningar skólanna tveggja, enda má ætla að úttektaraðilar muni telja slíkar upplýsingar nauðsynlegar. Á það ber þó að líta að örðugt getur reynst að meta hvaða kostnaður varð til beinlínis vegna sameiningarinnar, hvaða kostnaður varð til vegna skipulagsbreytinga á HÍ og hvaða kostnaður hefði orðið til ef ekki hefði verið um sameiningu að ræða. Til leiðbeiningar má þó nefna eftirfarandi kostnaðarliði: Kostnað vegna nýs búnaðar og tenginga Menntavísindasviðs við HÍ-net, kostnað vegna nýs skjalastjórnunarkerfis, kostnað vegna samræmingar kjara starfsmanna, kostnað vegna úthlutunar úr sjóðum, svo sem vinnumatssjóði, og kostnað vegna sameiningar launakerfa. Gert er ráð fyrir því að fjármálastjóri HÍ og rekstrarstjóri Menntavísindasviðs muni taka saman helstu kostnaðartölur eftir því sem unnt er.

Að síðustu vill verkefnisstjórn sameiningar taka fram að hún telur sameiningarverkefnið hafa gengið vel og allt útlit er fyrir það að markmiðum sameiningar verði náð.

Afrakstur verkefnisins er sameinaður háskóli sem er langstærsti háskóli landsins með hátt í fjórtán þúsund skráða nemendur og rúmlega 1200 fastráðna starfsmenn. Vill verkefnisstjórn ítreka þakkar sínar til þeirra fjölmörgu starfsmanna og nemenda sem með einum eða öðrum hætti lögðu hönd á plóginn við sameiningu skólanna.